



Ólöf full sjalfstrausts

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

34. TÖLUBLAÐ | 23. ÁRGANGUR | frettabladid.is | FÖSTUDAGUR 17. FEBRÚAR 2023



Eftir morgun sem einkenndist af bjartsýni í Karphúsinu dökknadi hratt yfir fundarfólki í kringum kvöldmatarleytið. SJÁ SIÐU 2. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTIR 8



Flýja saraafátækt og háa glæpatíðni

MENNING 17



Sjónarspil syndaselanna

LÍFIÐ 20

Ekki hlynnt banni á loðdýraræktun

DÝRAHALD Þrátt fyrir að sífellt fleiri lönd í Evrópu séu að taka upp bann við loðdýrarækt eru ekki uppi áform um slíkt hér á landi. Matvælaráðherra segir mikilvægt að gæta að velferð dýra, þar á meðal loðdýra, en að hér sé í gildi atvinnufrelsi og að stjórnvöld ætli sér ekki að hamla því. Minkabúum hefur farið fækkandi en loðdýrarækt skilaði hagnaði í fyrsta sinn í átta ár árið 2021.

Lönd á borð við Noreg, Bretland, Þýskaland og Austurríki hafa bannað loðdýrarækt í nafni dýravelferðar en forvígismenn Evrópusambandsins hyggjast leggja allsherjarbann við loðdýrarækt sem eigi að taka gildi í síðasta lagi árið 2025. Dýraværndarsamtök hafa um árabil kallað loðdýrarækt verstu búgreininu með tilliti til kvalræðis dýranna en það virðist ekki hafa áhrif hjá ríkisstjórninni. SJÁ SIÐU 4

Spá hrúni í ferðamennsku ef ESB hunsar óskir Íslands

Forstjórar Icelandair og Play segja mikið undir að Ísland fái undanþágu frá hærri kolefnisskatti. Forstjóri Play segir að flugferðum til Íslands gæti fækkað um meira en helming.

bth@frettabladid.is

SAMGÖNGUR „Málið er mjög alvarlegt, við fylgjumst spennu með baráttu íslenskra stjórnvalda. Ég hef nefnt orðið hamfarir í þessu samhengi,“ segir Birgir Jónsson, forstjóri Play.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, segir að ef ekki verði horft til óska Íslands yrði öflugþróunin ekki bara í tengingum við útlönd held-



Ég hef nefnt orðið hamfarir í þessu samhengi.



Birgir Jónsson, forstjóri Play

ur inn- og útflutningi, ferðaþjónustu, íslensku hagkerfi sem heild.

„Þessar breytingar myndu að óbreyttu hafa meiri áhrif á félög sem fljúga í gegnum Ísland en mörg önnur svæði. Flugíð myndi færast annað, það myndi ekki minnka heldur færast til,“ segir Bogi.

Birgir segir að vegna tengiflugsins séu flugsamgöngur eins góðar og raun ber vitni. „Það er hægt að fljúga um víðan völl með stoppi hér, annars væru þetta bara örfá flug til og frá landinu eins og í gamla daga.“

Tengifluginu í Keflavík hefur því verið stefnt í hættu, ferðamöguleikar Íslendinga gætu þrængst mjög og ómæld áhrif orðið á efnahag.

„Flugíð myndi minnka um meira en helming,“ segir Birgir. SJÁ SIÐU 6



Lífið lifir í lögum með trúarstefjum



Tryggðu þér miða

Síðustu sýningar

Borgarleikhúsið

Á eigin vegum

Teiknimynd Söru ofarlega hjá veðbönkunum

kristinnhaukur@frettabladid.is

KVIKMYNDIR My Year of Dicks, hin stutta teiknimynd Söru Gunnarsdóttur, er í öðru sæti hjá flestum veðbönkunum yfir þær myndir sem líklegastar eru til að hljóta óskarsverðlaun. Verðlaunin verða veitt þann 12. mars næstkomandi. Vinni Sara verður hún annar Íslendingurinn til að hljóta verðlaunin, á eftir tónskáldinu Hildi Guðnadóttur sem hlaut verðlaunin árið 2020 fyrir tónlistina í myndinni The Joker.



Leikstjórnin
Sara Gunnars-
dóttir.

Samkvæmt veðbönkunum á myndin The Boy, the Mole, the Fox and the Horse besta möguleika á verðlaunum.

En My Year of Dicks, sem fjallar um tímamót þegar handritshöfundurinn Pamela Ribbon var að fá hvolfpavítíð, kemur þar á eftir. Bankarnir Bet365, Unibet og Betvictor gefa henni á bilinu 8 til 15 prósent líkur en Betfair 33 prósent.

Gagnrýnendur hafa einnig talið myndina sigurstranglega, til að mynda telur tímaritið Indiewire My Year of Dicks líklegasta til að hreppa hnossið. ■

Ný framtíð



Ný framtíð, samráðsþing um landsáætlun um innleiðingu á samningi SP um réttindi fatlaðs fólks, fór fram í gær. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Katrín Jakobsdóttir, Guðmundur Ingi Kristinsson og Heiða Hilmisdóttir undirrituðu fjögurra metra langan borða sem hluta af gjörningi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Óvíst með framhald kjaraviðræðna

kristinnhaukur@frettabladid.is

KJARAMÁL Dökkt var yfir Karphúsinu í gærkvöldi þegar Fréttablaðið fór í prent og óvíst með framhald viðræðna milli Eflingar og Samtaka atvinnulífsins. Ástráður Haraldsson, settur sáttasemjari í kjaradeilunni, hafði ekki gefið út neina yfirlýsingu en miðað við andrúmsloftið á staðnum er ekki talið líklegt að komist verði lengra í bili.

Annar daginn í röð funduðu forvarsmenn Eflingar og SA og framan af degi var bjartara yfir fólk. Vildi Ástráður meina að deilan væri að tosast í rétta átt þó að „formlegar kjaraviðræður“ væru ekki hafnar. Reyndar væri óvíst hvort það tækist.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun hafði Eyjólfur Árni Rafnsson, for-



Ástráður Haraldsson sáttasemjari þungstigur um kvöldmatarleytið.

maður SA, yfirgefið Karphúsið, en talið er að hann hafi gert kröfu að verkfallinu yrði frestað í viðræðunum. Var gefinn frestur til 18 og svo til 19 til að samþykkja þetta en ekki er talið að það hafi verið gert. Fyrr hafði Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, gefið út að verkfallinu yrði ekki frestað nema „eithvað bitastætt“ kæmi á borðið. ■

Lögrelustjórinn vonast til að fleiri kæri kynferðisbrot

Opnum kynferðisbrotamálum var fækkað verulega í lok síðasta árs. Lögrelustjóri vonar að fleiri þolendur sjái hag sinn í því að kæra þegar málsmeðferðartími styttest.

lovisa@frettabladid.is

DÓMSMÁL Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögrelustjóri á höfuðborgarsvæðinu, vonar að fleiri þolendur kynferðisbrota kæri til lögreglu. Undanfarna mánuði hafi náð að fækka opnum kynferðisbrotamálum um 37 prósent eftir að þau fengu aukna fjárveitingu frá Alþingi.

„Við vitum að það er lítill hluti sem kærir því þau vita að ferlið getur verið langt en þetta vonandi hefur þau áhrif að fleiri komi til okkar og kæri,“ segir Halla Bergþóra, en sem dæmi var 1. september í fyrra alls 401 opið mál en núna eru þau 235 og fækkaði þeim því um 148 á fjórum og hálfum mánuði.

Halla Bergþóra útskýrir að þegar fjármagnnið fékkst hafi þau hafist handa á báðum endum. Því sé elsta málið til rannsóknar um tveggja ára.

„Það eru enn gömul mál, við erum ekki búin, en við ætlum þangað. Ég hugsa að það sé á annað ár frá því að elsta málið kom til okkar og helsta ástæðan fyrir því að við höfum ekki komist í þetta er mannekla.“

Halla segir að margar rannsóknir bendi til þess að því lengur sem rannsóknin tekur því lengra sé áfallið fyrir brotþola. Vinna þurfi hratt án þess að draga úr gæðum.

„Hraði rannsóknar hefur gífurlega mikil áhrif. Aðallega á þolendur, en líka á gerendur, og svo í kringum hvert kynferðisbrot eru aðstandendur, bæði hjá þolendum



Opnum kynferðisbrotamálum fækkaði um 37 prósent. Fréttablaðið/Valli



Við erum ekki búin, en við ætlum þangað.

Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögrelustjóri á höfuðborgarsvæðinu

og gerendum og þetta hefur áhrif.“

Aukið fé þyddi a um stöðugildum. Auk þess voru vinnuskipti og fulltrúi saksóknara aðstoðaði tíma- bundið við verkferla og vinnulag.

„Það er alltaf verið að segja að það þurfi að efla lögregluna og þegar við fáum hendurnar þá skiptir það svo miklu máli, með öllu hinu.“

Stöðugildin hafa skipt sköpum fyrir rannsókn þeirra því þeim var fjölgað í tæknideild, stöðdeild, á ákærsviði og svo í kynferðisbrota- deildinni sjálfri.

„Eitt kynferðisbrotamál snertir rosalega marga. Þetta er flókin rannsókn og við höfum alltaf verið á því að mikilvægt sé að taka vel utan um þennan málaflokk. Í þessu þá kemur ekkert í staðinn fyrir mann- eskjuna sem þarf að vinna vinnuna og þetta hefur breytt rosalega miklu,“ segir Halla Bergþóra Björnsdóttir. ■

2 FYRIR 1
á kver.is – kr. 2.999

Frí heimsending
á höfuðborgarsvæðinu!

Kolluna upp fyrir mömmu!

„Breytingin frá því þegar
mamma var veik er að
núna er miklu meiri
stuðningur í boði“

lifidernuna.is

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem
greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.
Kaupum kolluna á lifidernuna.is





Svík með akstursmæla er eitt af því sem bætt verður inn í handbókina.

Ný handbók fyrir bílaskoðanir

erlamaria@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Ný skoðunarhandbók ökutækja tekur gildi þann 1. mars, en handbókin tekur við af núverandi skoðunarhandbók sem hefur verið í gildi frá 1. maí 2017.

Nýja skoðunarhandbókin er að mestu leyti sambærileg þeirri eldri, með áherslubreytingum á skoðunaratriðum og uppsetningu. Meðal þeirra atriða sem breytast eru bann við notkun óvirkra stöðuhemla, akstursbann við óvirkum hemlaljóskerum og notkunarbann við sprungum eða alvarlegum skemmdum á hjólbörðum stærri ökutækja.

Þá eru nokkur ný atriði kynnt til sögunnar. Til að spyrna við sviksamlegum breytingum á stöðu akstursmælis verða gerðar ráðstafanir ef ljós kemur að óeðlileg lækkun hafi orðið á stöðu akstursmælis og frá 1. janúar 2024 verður gerð athugasemd ef gaumljós öryggisþúða gefur til kynna bilun í kerfinu. ■

Út að borða fyrir börnin í vikunni

erlamaria@frettabladid.is

SAMFÉLAG Fjáröflunarátakið Út að borða fyrir börnin hófst í vikunni. Barnaheill stendur að áttakinu í samstarfi við veitingastaði sem láta ágóða af matseðli renna til verndar barna gegn ofbeldi.

Átakið stendur yfir til 15. mars. „Það er svo mikilvægt að samfélagið allt taki höndum saman um að styðja við vernd á ofbeldi gegn börnum,“ segir Ellen Calmon, framkvæmdastýra Barnaheilla. ■



Ellen Calmon, framkvæmdastýra Barnaheilla.

Segir notendur rafhlaupahjóla ekki vandamálið

odduraevar@frettabladid.is

ÖRYGGISMÁL Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Hopp, segist telja það afturför að banna börnum yngri en 13 ára að nota rafskútur, líkt og kveðið er á um í nýju frumvarpi innviðaráðherra.

Sigurður Ingi Jóhannsson leggur til að rafhlaupahjól verði bönnuð börnum yngri en þrettán ára. Sæunn segist fagna sumu í frumvarpinu en vera hugsu yfir öðru. Hún fagnar því að rafskútur megi aka á götum með 30 kílómetra hámarks hraða.

13 ára aldurstakmarkið hafi ekki áhrif á Hopp þar sem notendur

þurfi að hafa náð 18 ára aldri.

„En við treystum foreldrum og forráðamönnum til að meta hvort barnið þeirra sé hæft til að aka um á rafskútu og höldum við að það að setja lög á aldurstakmark sé frekar afturför heldur en framför. Við þurfum að breyta ferðavenjum, rafskútan er bara ein týpa af fararmáta og trúi ég að mikil nýsköpun og hröð þróun eigi eftir að eiga sér stað og þá eru hjólastígarnir okkar orðnir of litlir eða of þröngir mjög hratt!“

Hún segir sig og félagi í Hopp ekki vera mikið fyrir boð og bönn. „Og hefðum viljað sjá í lögumum skyldur um forvarnir niður allt skólakerfið. Notendur Hopp eða



Við viljum auka enn frekar umtal, fræðslu og forvarnir.



Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Hopp.

aðrir notendur rafskútna eru ekki vandamálið heldur þarf að bæta innviði og þá meina ég holur og bratta kanta á gang- og hjólastígum sem og að þjálfa þarf öikumenn, bæði þá sem aka í örflæðinu sem og þau sem að aka með því, samanber öikumenn bíla.“

Hún segir nýsköpun og breyttar ferðavenjur rétt svo vera að hefjast. „Og viljum við fara varlega í að setja of harðar reglur, boð og bönn. Við viljum auka enn frekar umtal, fræðslu og forvarnir. Við þurfum að breyta því hvernig við ferðumst, það er ekki pláss fyrir fleiri bíla á götunum! Umhverfið kallar á breyttar ferðavenjur, það er ekki flóknara en það.“ ■

Vilja ekki banna minkarækt á Íslandi

Æ fleiri þjóðir Evrópu eru búnar að banna loðdýrarækt og útlit er fyrir allsherjarbann ESB á allra næstu árum. Ráðherra VG í málaflokknum er ekki sömu skoðunar.

ser@frettabladid.is

DÝRAHALD Ekki stendur til að svo stöddu að leggja fram frumvarp á Alþingi um bann við loðdýrarækt. Þetta segir orðrétt í svari matvælaráðuneytisins til Fréttablaðsins í gærðag, en ástæða erindisins er að æ fleiri Evrópuþjóðir hafa bannað loðdýrarækt í nafni dýravelferðar.

Meðal þessara þjóða eru Norvegur, Bretland, Þýskaland, Holland, Belgía, Lúxemborg, Sviss, Austurríki, Tékkland, Slóvakía, Slóvenía, Króatía, Bosnía og Hersegóvína, Serbía og Makedónía.

Þá létu dönsk stjórnvöld aflifa alla minka í landinu árin 2020 og 2021 af ótta við að Covid-veiran gæti stökkbreyst í dýrunum, alls 17 milljónir dýra.

Til viðbótar hyggjast forvígismenn Evrópusambandsins leggja til allsherjarbann við loðdýrarækt og má ætla að það taki gildi í síðasta lagi frá 2025.

Dýravendarsamtök á Íslandi og víðar um álfuna hafa árum saman barist gegn loðdýrarækt – og kallað hana „verstu búgreinina með tilliti til kvalræðis dýranna“, svo vitnað sé í blaðagreinar þeirra um búreksturinn.

Í loðdýraræktinni sé minkum troðið inn í örþröng vírnetsbúr og þeir látnir dúsa þar í eigin óþef allt þar til hvolparnir séu teknir af lífi, hálfis árs gamlir. Þá sé þeim troðið



Dýravendarsamtök á Íslandi og víðar um álfuna hafa árum saman barist gegn loðdýrarækt – og kallað hana „verstu búgreinina með tilliti til kvalræðis dýranna“.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Mikilvægt er að gæta að velferð dýra, þar á meðal loðdýra, í hvívetna.



Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra.

inn í lokaðan kassa sem bensín-gufum sé blásið inn í, en þar eð minkar geti haldið niðri í sér andanum í upp undir hálf tíma, megi ljóst vera hvernig dauðastríðið vari mínútum saman.

Í fyrrgreindu svari Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra til blaðsins í gærðag segir að mikilvægt sé að gæta að velferð dýra, þar á meðal loðdýra, í hvívetna.

„Markmið löggjafar um velferð dýra er að stuðla að því að dýr séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáníngu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í því ljósi að dýr eru skyni gæddar verur.“

Enn fremur sé það markmið laganna að dýrin geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.

Í svari matvælaráðuneytisins segir að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa samkvæmt stjórnarskrárvörðum rétti. Þessu frelsi megi þó setja skorður með lögum, en ekki standi til að breyta þeim af hálfu ríkjandi stjórnvalda.

Á Íslandi munu enn vera rekin níu minkabú, en þeim hefur fækkað að mun á síðustu áratugum, og eru um 90 þúsund hvolpar drepnir á ári, svo nýta megi feld þeirra í fataiðnað. ■

Vill háskólasjúkrahús á Akureyri

bth@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Ingibjörg Isaksen, oddviti Framsóknarmanna í Norð-austurkjördæmi, hefur lagt fram þingsályktunartillögu um aðgerða-áætlun til að efla Sjúkrahúsið á Akureyri. Hún segir tímabært að styrkja Sjúkrahúsið á Akureyri sem kennslspítala og viðurkenna hlutverk þess sem háskólasjúkrahúss.

Ingibjörg segir að íslenskt heilbrigðiskerfi standi frammi fyrir alvarlegum mönnunavanda. Fyrirséð sé mikil fjölgun starfsmanna í heilbrigðiskerfinu á Íslandi. Landspítalinn eigi erfitt með að taka á móti fleiri nemum. Sjúkrahúsið á Akureyri geti tekið að sér fleiri nema og stærri verkefni. Þetta myndi jafnframt bæta heilbrigðisþjónustu á Norður- og Austurlandi.

„Ein ástæða þess að fólk flytur úr dreifbýli er að það getur ekki sótt



Ingibjörg segir fjölgun nemenda bæta þjónustuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Ingibjörg Isaksen, oddviti Framsóknarmanna í Norð-austurkjördæmi

menntun í heimabyggð. Önnur ástæða er að starfstækifæri vantar í heimabyggð,“ segir Ingibjörg.

Með því að auka starfstækifæri í tengslum við styrkingu Sjúkrahússins og efla tækifæri til menntunar við HA megi halda fólk á svæðinu og laða nýja að, að sögn hennar. ■

FRÁBÆRT TILBOÐ
á kver.is – kr. 2.799

Dásamlega ævintýrið um Jakob og risastóru ferskjuna er nú komið í nýrri þýðingu Sólveigar Sifjar Hreiðarsdóttur. Fæst í bókabúðum og á kver.is. Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!



MEGA VIKA



1890 kr.



Í APPI OG Á DOMINOS.IS
ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI, EF ÞÚ SÆKIR



Klappið var tekið upp á síðasta ári en það berast enn kvartanir.

Segir snjallforritið Klappið enn vera að glíma við byrjunarörðugleika

kristinnpall@frettabladid.is

STRÆTÓ „Það eru nokkrir hlutir sem er helst verið að kvarta undan. Ég lenti sjálfur í vandræðum með að nota þetta og þá fór ég að hugsa að þetta hlyti annaðhvort að vera hugbúnaðurinn eða tæknibúnaðurinn,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, í samtali við Fréttablaðið um upplifun sína og annarra afannmörkum snjallforritsins Klapp sem greiðslukerfis Strætó.

Kjartan segist hafa skoðað umsgagnir sem forritið fær á netinu vandlega í kjölfarið.

„Fyrir viku síðan fór ég að skoða nánar umsgagnirnar sem Klappið fær, bæði á Facebook og í App Store hjá iPhone notendum og Google Play, þar sér maður umsgagnir notenda og þar voru fjölmargar neikvæðar umsgagnir. Þar er fólk úti í bæ að tjá sig.“

„Ég spurðist fyrir um þetta mál síðasta sumar og fékk svar frá Strætó þar sem því var lýst yfir að byrjunarörðugleikarnir væru að baki og að kerfið virkaði vel. Maður sér, ef maður takmarkar leitina við umsgagnir frá 1. desember síðastliðinn, þegar Strætó sagði að örðugleikarnir væru að baki, að það



Þar er fólk úti í bæ að tjá sig.



Kjartan Magnússon borgarfulltrúi

dregur ekkert úr kvörtunum,“ segir Kjartan sem segir umsgagnirnar telja hundruðum og að flestar séu neikvæðar.

Hann tók málið upp á borgarstjórnarfundum síðustu viku.

„Ég ræddi við tæknisérfræðinga sem þekkja málið betur en ég, og án þess að geta fullyrt það virðist það vera bæði að skannarnir séu hægvirkir og hugbúnaðurinn sé gallaður.“ ■

Segir að losunarskattar auki mengun

bth@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, segir að þótt áhrifin af auknum skatti ESB vegna losunar í flugi yrðu vond fyrir Icelandair séu þeir hagsmunir smávægilegir miðað við heildaráhrifin á íslenskt samfélag.

Neikvæð áhrif yrðu á tengingar við útlönd, inn- og útflutning, ferðaþjónustuna og íslenskt hagkerfi sem heild.

„Þessar breytingar myndu að óbreyttu hafa meiri áhrif á félög sem fljúga í gegnum Ísland en mörg önnur svæði. Flugíð myndi færast annað, það myndi ekki minnka heldur færast til,“ segir Bogi.

Bogi segir að viðskiptamódel Icelandair, sem byggir á millilendingum, tengiflugi, sé í raun umhverfisvænna en flugferðir með stórum vélum þegar flugið sé beint yfir hafíð.



Þessar breytingar myndu að óbreyttu hafa meiri áhrif á félög sem fljúga í gegnum Ísland en mörg önnur svæði.



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair.

Ameríkuflugíð sé ekki óumhverfisvænt heldur hafi félagið reiknað út 7-37 prósentu minni losun miðað við breiðþotur sem fljúga langt og beint.

„Við erum að fljúga á vélum sem eru hagkvæmar hvað varðar notkun eldsneytis. Þessi umhverfisskattur, ef hann leggst á með fullum þunga, gerir því umhverfismálin verri þegar markmiðið er þveröfugt,“ segir Bogi.

Bogi er á sama máli og Birgir Jónsson hjá Play að tengimódel íslensku félaganna sem byggir á fjölmörgum áfangastöðum og tíðni sem annars gæti aldrei orðið að veruleika, færi landinu miklu fleiri ferðamenn en hægt væri að búast við ef samkeppnisstaðan raskast verulega vegna áætlana ESB.

Hann segist vonast til að ESB taki tillit til sérstöðu Íslands sem einangraðrar eyju í samræmi við óskir íslenskra stjórnvalda. ■



Framtíð Icelandair og Play er aðeins smámál í stóra hagsmunasamhenginu að sögn forstjóra Play. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ferðaþjónustan fari í rúst ef Ísland fær ekki undanþágu

Flug til Íslands gæti minnkað um meira en helming, milljónir ferðamanna yrðu úr sögunni og tugþúsundir starfa í hættu. Forstjóri Play segir allt undir að Ísland fái undanþágu frá hærri kolefnisskatti.

bth@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Framtíð íslenskrar ferðaþjónustu er í hættu ef reglugerð ESB um aukinn kolefnisskatt af flugi mun ganga óbreytt yfir Ísland vegna EES-samningsins. Þetta segir forstjóri Play.

„Málið er mjög alvarlegt, við fylgjumst spennu með baráttu íslenskra stjórnvalda. Ég hef nefnt orðið hamfarir í þessu samhengi,“ segir Birgir Jónsson, forstjóri Play.

Áhrif aukins losunarskatts af flugi, sem tillögur eru um, yrðu gríðarlega neikvæð fyrir afkomu íslensku millilandaflugfélaganna, Icelandair og Play. Birgir segir að rekstur flugfélaganna sé þó smámál í stóra samhenginu.

„Við erum að tala um risamál fyrir íslenska ferðaþjónustu, neytendur, íslenska alþýðu. Vegna tengiflugsins eru hér eins góðar flugsamgöngur og raun ber vitni, það er hægt að fljúga um víðan völlu með stoppi hér, annars væru þetta bara örfá flug til og frá landinu eins og í gamla daga,“ segir Birgir.

Íslensku flugfélögin hafa að sögn Birgis, oft með tilboðsverði, náð að spýta inn til landsins sem flestum farþegum sem verji peningum



Við erum að tala um risamál fyrir íslenska ferðaþjónustu, neytendur, íslenska alþýðu. Vegna tengiflugsins eru hér eins góðar flugsamgöngur og raun ber vitni.



Birgir Jónsson, forstjóri Play

innanlands. Þannig nærast ferðaþjónustan og skattheimta ríkisins hafi notið arðsins af uppsveiflunni. Birgir segir að ef reglugerðin gangi óbreytt yfir Ísland falli tengiflugið út, bresk flugfélög eða önnur félög óbundin af hærri álögum muni taka yfir flugsamgöngur til og frá landinu.

„Flugið myndi minnka um meira en helming. Þar af leiðandi gætum við hætt að tala um milljónir ferðamanna og tugþúsundir starfa í ferðaþjónustu,“ segir Birgir.

Starfshópur hefur verið skipaður vegna málsins með fulltrúum hins

opinbera, Icelandair, Play, Isavia og fleirum. Utanríkisþjónustan og öll íslenska stjórnsýslan litur á það sem gæti gerst mjög alvarlegum augum. Ber að hrósa íslenskum stjórnvöldum fyrir þeirra samhenta átak, að sögn Birgis.

„Ég hef góða tilfinningu fyrir því að niðurstaðan detti réttum megin.“


Play greiddi að sögn Birgis hundruð milljóna í útblástursskatt á síðasta ári. Því sé ekki eins og félögin starfi ábyrgðarlaus gagnvart mengun. Fréttablaðið hefur ekki fengið staðfest hve mikla hækkun af kolefnisskatti gæti orðið að ræða. Birgir segir furðu sæta ef Ísland eigi að gjalda fyrir breytingar sem ætlað sé að miða að því að umhverfisvænni ferðamáti leysi af stuttar flugferðir innan Evrópu.

„Það eru mörg fordæmi fyrir að tekið hafi verið tillit til sérhagsmuna ríkja. Malta og Kýpur hafa náð miklum ávinningi. Við þurfum að mótmæla þessu mjög ákveðið og semja um okkar sérhagsmuni. Við förum ekki í rútu eða lest héðan frá Íslandi.“

Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfisráðherra itrekaði mikilvægi þess í Fréttablaðinu í gær að ESB fallist á óskir íslenskra stjórnvalda um afslátt af skattinum.

Þá hefur Fréttablaðið fjallað um bréf Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra til Ursulu von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar ESB. Í bréfinu falast Katrín eftir frium losunarheimildum ef flug teygir sig lengra en 500 kílómetra frá landinu. ■

Orlofsnefnd Hafnarfjarðar auglýsir orlofsferðir 2023



Ferðir árið 2023

Ferð um Vestfirði 04.- 06. maí 2023

Rínarsigling 26.- 31. júlí 2023

Ferð til Bodensee 09.- 14. október 2023

Aðventuferð til Würzburg 06.- 10. desember 2023

Rétt til að sækja um orlofsferð hefur sérhver kona sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf.

Upplýsingar um ferðirnar og skráning er á vefsíðunni www.hafnarfjardarorlof.is

CINTAMANI

OUTLET

SPRENGJA

40-70%
afsláttur

+ 20% auka!

með kóðanum outlet

Hvenær:

Byrjar 9.feb

Hvar:

Austurhrauni 3

Opið:

Frá 10 til 18 virka daga

10 til 16 laugardaga &

12-16 sunnudaga





Fleiri hundruð manns létust þegar leikhúsið í Mariupol var sprengt.

Dæmd fyrir að greina frá loftárás

helgisteinar@frettabladid.is

RÚSSLAND Rússneska blaðakonan Maria Ponomarenko hefur verið dæmd í sex ára fangelsi fyrir færslu sem hún birti á samfélagsmiðlum þar sem hún greindi frá rússneskri loftárás á leikhúsið í Úkraínu.

Ponomarenko var handtekin í apríl á síðasta ári, aðeins nokkrum vikum eftir sprenginguna. Hún hafði þá greint frá árásinni á sama tíma og varnarmálaráðuneyti Rússlands neitaði henni.



Hundruð saklausra borgara létust þegar rússneskar orrustuþotur sprengdu leikhúsið í Mariupol.

Dómstóllinn í borginni Barnaul í Síberíu sakaði hana um að dreifa falsfréttum, en hún er meðal vaxandi fjölda rússneskra andósmanna sem fangelsaðir eru fyrir að gagnrýna stríðið í Úkraínu.

Hundruð saklausra borgara létust þegar rússneskar orrustuþotur sprengdu leikhúsið í Mariupol í austurhluta Úkraínu. Íbúar höfðu flúið þangað þegar sprengjuregnið hófst og skrifuðu meðal annars orðið börn stórum stöfum á rússnesku fyrir utan leikhúsið til að reyna að sporna við árásum. ■



Fleiri þúsund ferðamenn heimsækja Machu Picchu á hverjum degi.

Leiðin til Machu Picchu opin á ný

helgisteinar@frettabladid.is

PERÚ Yfirvöld í Perú tilkynntu í gær að leiðin til ferðamannastaðarins Machu Picchu yrði opnuð á ný en hún hefur verið lokað í þrjár vikur sökum mótmæla.

Mótmælin hófust í desember þegar Pedro Castillo, þáverandi forseti, reyndi að slíta þinginu áður en atkvæðagreiðsla um kærú gagnvart honum gat farið fram.

Lestarsamgöngur til Machu Picchu höfðu legið niðri eftir að mótmælendur komu stórgrýti fyrir á lestareinunum. ■

Segist ekki ætla að skjóta fyrst að Úkraínu

helgisteinar@frettabladid.is

HVÍTA-RÚSSLAND Alexander Lúkasjenkó, forseti Hvíta-Rússlands, útlókar að senda herlið sitt til Úkraínu nema að ráðist verði á þjóð hans. Forsetinn hefur verið náinn bandamaður Rússlands og hafa verið uppi getgátur um hvort hann myndi aðstoða Rússa í hugsanlegri stórsókn þeirra á hendur Úkraínu í vor. Hvíta-Rússland aðstoðaði Rússa



Alexander Lúkasjenkó

við innrásina í Úkraínu fyrir ári síðan með því að veita rússneska hernum aðgang að Úkraínu í gegnum landamæri sín. Hvíta-Rússland deilir um þúsund kílómetra landamærum með Úkraínu og hefur margoft sakað Úkraínnum um að fljúga bæði drónum og eldflaugum inn á yfirráðasvæði sitt.

„Við erum fríðsælt fólk. Við vitum hvað stríð er og við viljum ekki stríð. Það er engin leið að við förum að

senda okkar hermenn til Úkraínu nema ef þið ráðist á Hvíta-Rússland á undan,“ sagði Lúkasjenkó á blaðamannafundi í Minsk í gær. Hann bætti við að Rússland væri engu að síður tryggur bandamaður Hvíta-Rússlands.

Lúkasjenkó sagði einnig að Rússar hefðu aldrei beðið hann um að taka þátt í innrásinni í Úkraínu. Forsetinn mun funda með Vladímír Pútín í Moskva í dag. ■

Var ríkasta þjóðin í Suður-Ameríku

Ástandið í Venesúela hefur orðið til þess að fleiri milljónir hafa flúið landið á undanförunum árum. Flestir íbúar landsins segjast flýja sárafatækt og háa glæpatíðni. Fyrirverandi utanríkisráðherra Bretlands segir að þjóðin hafi gleymst í flóttamannaumræðunni.

helgisteinar@frettabladid.is

VENESÚELA Samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hafa fleiri en sjö milljónir manns flúið Venesúela síðan 2015. Meira en 80 prósent þeirra flóttamanna eru nú búsett í Suður-Ameríku og Karíbahafi og hefur helmingur þeirra lítinn aðgang að mat, húsnæði og atvinnu.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn áætlar að frá árunum 2013 til 2021 hafi landsframleiðsla Venesúela dregist saman um 75 prósent. Engin þjóð sem býr ekki við stríðsástand hefur upplifað það mikinn samdrátt í 50 ár. Árið 2020 var talið að 95 prósent þjóðarinnar lifðu undir fátæktarmörkum.

Flestir þeir sem yfirgefa landið eru að flýja sárafatækt en mikil verðbólga og eftirköst heimsfaraldurs kórónaveirunnar hafa haft stórfelld áhrif á bæði Venesúela og í raun alla rómönsku Ameríku. Sameinuðu þjóðirnar áætla að 82 milljónir karla, kvenna og barna búi við örbirgð í álfunni og hefur íbúum Venesúela fækkað frá 30 milljónum árið 2015 niður í 28 milljónir árið 2022.

Venesúela var eitt sinn ríkasta þjóðin í Suður-Ameríku og árið 2004 náði efnahagur landsins hápunkt þegar olíuverð á heimsmarkaði rauk upp. Hugo Chavez, þáverandi forseti Venesúela, naut mikilla vinsælda á meðal fátækustu íbúa þjóðarinnar þegar hann beindi stórum hluta af þeim ágóða inn í velferðarkerfið. Aftur á móti var efnahagur landsins enn háður olíu og þegar Nicolás Moduru tók við forsetaembættinu hrundi velferðarkerfið samhliða lækandi olíuverði.



Þessir feðgar á leið til Kólumbíu eru meðal þeirra sjö milljón Venesúelabúa sem hafa flúið landið.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

David Miliband, fyrirverandi utanríkisráðherra Bretlands og forseti alþjóðlegrar björgunarnefndar, sagði í samtali við fréttastofuna BBC fyrir júl að það væri engin spurning að flóttamannastraumurinn frá Venesúela væri að hafa mikil áhrif á rómönsku Ameríku.

„Það er líka ljóst að samkeppnin um athygli á flóttamannaáðstæðum í Úkraínu, Austur-Afríku og Afganistan er að draga úr athygli á Venesúela, sem er mjög hættulegt. Margar ríkisstjórnir Suður-Ameríku eru að reyna að aðstoða Venesúelabúa, en það er ekki hægt að búast við því að þær beri þessa byrði endalaust,“ sagði David.

Aðrar hjálparstofnanir hafa einnig látið í sér heyrta. Eduardo Stein, fulltrúi SP fyrir flóttamenn frá Venesúela, segir að helmingur allra flóttamanna frá landinu hafi ekki efni á þremur máltíðum á dag og skorti einnig aðgang að húsnæði.



Árið 2020 var talið að 95 prósent þjóðarinnar lifðu undir fátæktarmörkum.

Rannsóknarblaðamaðurinn Sarahí, sem vildi ekki gefa upp sitt rétta nafn af öryggisástæðum, segist kannast vel við þessar aðstæður. Hún flúði Venesúela fyrir tíu árum síðan þegar henni bærust hótanir sökum vinnu sinnar. Hún býr nú í

Kólumbíu og aðstoðar samlanda sína við að aðlagast nýju lífi þar.

„Ég kom hingað ein og á eigin spýtur. Ég hélt á einni ferðatösku sem innihélt fót fyrir kaldara loftslag í Bogotá, háskólaskírteini mín og myndir af fjölskyldu minni. Mörg okkar, jafnvel við sem erum með háskólagráður, verðum að gera hvað sem er til að lifa af og styðja við fjölskyldur okkar sem eru enn í Venesúela,“ segir Sarahí.

Íbúar í Venesúela eru einnig að flýja harðræði og háa glæpatíðni en árið 2022 var höfuðborgin Caracas með þriðju hæstu morðtíðni í heimi. Nicolás Maduro hefur ekki aðeins náð að herða eigin völd innan ríkisstjórnarinnar, heldur nýtur hann stuðnings meðal vopnaðra glæpasamtaka sem kallast Colectivos og segja mannréttindasamtök að þau hafi meðal annars myrt yfir 150 mótmælendur í Venesúela milli 2014 og 2017. ■

Eldri borgarar í Kína mótmæla á götum Wuhan

helgisteinar@frettabladid.is

KÍNA Fjöldmenn mótmæla hafa staðið yfir meðal eldri borgara í Kína sem mótmæla skerðingu á heilbrigðisþjónustu sem ætluð er ellilífeyrisþegum. Mótmælin byrjuðu 8. febrúar í Wuhan þegar héraðsyfirvöld tilkynntu að þau myndu lækka þá upphæð sem eldri borgarar gætu fengið endurgreiðda frá ríkinu í læknskostnað. Samstaða virðist hafa myndast í landinu og hafa mótmælin nú breiðst út alla leið til Dalian í norðvesturhluta Kína.

Stjórnvöld segja að skerðingin sé gerð til að auka umfang endurgreiðslukerfisins. Gagnrýnendur segja hins vegar að stefnubreyt-

ingin sé aðferð embættismanna til að endurheimta þær fjárhæðir sem fóru í Covid-próf og annan kostnað í heimsfaraldrinum.

Mótmæli virðast vera að færast í aukana í Kína en í lok síðasta árs streymdu þúsundir ungra Kínverja út á götur til að mótmæla hertum sóttvarnareglum. Myndbönd af mótmælunum birtust á samfélagsmiðlum sem sýndu eldri borgarana syngjandi Nallann, eða International, baráttusöng verkalyðsins. Lagið var einnig mikið sungið í mótmælum á Torgi hins himneska friðar árið 1989 og er notað til að gefa í skyn að mótmælendur séu ekki mótfallnir ríkisstjórninni, en vilja koma gremju sinni áleiðis. ■



Talið er að 40 prósent Kínverja verði yfir sextugt árið 2050.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

FRÉTTASKÝRING

Leyndarhvoll fjármálaráðherra og þingforseta

Forseti Alþingis og fjármálaráðherra hafa haldið greinargerð Sigurðar Þórðarsonar um starfsemi Lindarhvals leyndri þrátt fyrir að forsætisnefnd hafi samþykkt að birta hana. Greinargerðin bendir á alvarlega annmarka í starfsemi Lindarhvals.

olafur@frettabladid.is

Lögmaður sem starfað hefur mikið fyrir Seðlabankann og fjármálaráðuneytið og fengið hundruð milljóna í þóknun fyrir, virðist hafa selt verðmætt einkahlutafélag fyrir slíkk til framkvæmdastjóra fjármálastöðugleika hjá Seðlabankanum 2019.

Þegar Sigurður Þórðarson lét af störfum sem settur ríkisendurskoðandi í málefnum Lindarhvals 2018 skilaði hann greinargerð til forseta Alþingis og sendi afrit af henni til fjármálaráðherra, Ríkisendurskoðunar, Seðlabankans og Lindarhvals. Í greinargerðinni koma fram alvarlegar athugasemdir við mörg atriði í starfsemi Lindarhvals og sölu eigna sem Sigurður taldi mikilvægt að rannsaka frekar.

Skúli Eggert Þórðarson, þáverandi ríkisendurskoðandi, tók við eftirliti Sigurðar með Lindarhvoli. Hann rannsakaði ekkert þeirra atriða sem Sigurður benti á og skilaði skýrslu um starfsemi Lindarhvals til Alþingis vorið 2020, skýrslu sem í besta falli verður lýst sem tilraun til hvítþvottar. Sú skýrsla er enn óafgreidd, tæpum þremur árum síðar, enda virðist hún vera uppfyll af efnislegum rangfærslum um starfsemi Lindarhvals og afrakstri ríkisins af fullnustu eigna.

11 milljarðar en ekki 73

Segir meðal annars í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Lindarhvol frá apríl 2020: „Félagið náði miklum árangri í þessu tilliti [hámarka virði eigna fyrir ríkissjóð], enda jukust verðmæti stöðugleikaframlageigna á starfstíma félagsins um ríflega 73 ma.kr.“

Verðmæti eigna í umsjá Lindarhvals jókst hins vegar ekki um 73 milljarða á starfstíma félagsins heldur um 11 milljarða. Þarna virðist vera um beinar og stórfelldar rangfærslur að ræða af hálfu Skúla Eggerts Þórðarsonar. Heildar virðisauki stöðugleikaframlaga fram til 2020 nam 75,9 milljörðum og þar af námu arðgreiðslur og vextir frá viðskiptabönkum 52,2 milljörðum.

Þessi skýrsla Ríkisendurskoðunar er einmitt sú skýrsla sem Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur opinberlega lýst yfir að sé eina skýrslan um starfsemi Lindarhvals og ekki sé þörf á fleirum. Full ástæða virðist hins vegar vera til að fara ofan í saumana á skýrslunni og vinnubrögðum höfunda hennar í ljósi þess að þar er Lindarhvoli eignaður virðisauki upp á meira en 60 milljarða sem félagið hafði ekkert með að gera.

Endurskoðendur sem fréttablaðið hefur leitað til segja að vinnubrögð Ríkisendurskoðunar við gerð þessarar skýrslu komi þeim á óvart, en auk þessarar risaskekkju er urmull atriða í skýrslunni sem gefa til kynna að vinnubrögð við gerð hennar uppfylli mögulega ekki kröfur sem gerðar eru til vandaðrar vinnu löggiltra endurskoðenda, hvað þá við skýrslugerð um meðhöndlun ríkiseigna fyrir Alþingi Íslendinga í nafni Ríkisendurskoðunar.

„Sjoppulegt“ ferli

Við aðalmeðferð Lindarhvalsmálsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í janúar kom fram að Klakki, sem var ein þeirra eigna sem Lindar-



Sigurður Þórðarson, fyrrverandi settur ríkisendurskoðandi í málefnum Lindarhvals.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR**Haukur eignaðist félag Steinars**

Eftir að Steinar Þór Guðgeirsson lögmaður lét af störfum sem formaður skilanevndar Kaupþings um áramótin 2011-12 hefur hann starfað mikið fyrir Eignasafn Seðlabankans og fjármálaráðuneytið. Hefur lögfræðistofa hans, Íslög, fengið hundruð milljóna í þóknun frá þessum aðilum. Meðal annars var Steinar Þór „allt í öllu“ hjá Lindarhvoli, eins og Sigurður Þórðarson orðaði það við vitnaleiðslur í Lindarhvalsmálinu í síðasta mánuði.

Steinar Þór átti náð samstarf við Hauk Camillus Benediktsson, framkvæmdastjóra Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf., meðan það starfaði 2013-2019.

Haukur var jafnframt stjórnarmaður í Lindarhvoli 2016-2018. Í nóvember 2019 var Haukur ráðinn framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika hjá Seðlabankanum.

Íslög var skráður eigandi Grjótatúns ehf. árin 2012-2018. Í ársreikningi Íslaga fyrir 2019 kemur fram að eignarhlutir í félagum hafi lækkað úr 500 þúsund niður í núll krónur. Ekki er hægt að sjá af ársreikningnum að Íslög hafi móttekið greiðslu fyrir einkahlutafélagið.

Velta Grjótatúns hafði verið 17 milljónir árið 2017 og sex milljónir 2018. Eigið fé var um 1.380 þúsund í árslok 2018.

Þann 29. nóvember 2019 eru tilkynnt eigendaskipti að Grjótatúni til fyrirtækjaskrár og í ársreikningi 2019 kemur fram að nýr eigandi sé Haukur Camillus Benediktsson. Af dagsetningu tilkynningarinnar má ráða að eigendaskiptin hafi orðið um svipað leyti og Haukur tók við starfi framkvæmdastjóra fjármálastöðugleika í Seðlabankanum.

Nafni félagsins var við eigendaskiptin breytt í Hraunból ehf. Einnig kemur fram að heildartekjur þess sem eru vegna seldrar þjónustu hafi numið röskum 32 milljónum það ár. Hagnaður fyrir skatta er ríflega 25 milljónir og eftir skatta standa eftir rúmar 20 milljónir. Í efnahagsreikningi kemur fram að eigið fé nemi alls tæplega 21,5 milljónum.

Lítill sem engin starfsemi hefur verið í félaginu frá 2019.

Þrátt fyrir að Haukur hafi tekið við eignarhaldi félagsins af lögfræðistofu Steinars Þórs 2019 er Steinar Þór skráður stjórnarmaður þess enn þann dag í dag.

Fréttablaðið hefur itrekað spurt Hauk og Steinars Þór um þessi kaup, meðal annars hver starfsemi fyrirtækisins sé, hvert kaupverðið hafi verið og hver tilgangurinn hafi verið með kaupunum. Engin svör hafa borist en ársreikningur Íslaga 2019 ber, eins og fyrr segir, ekki með sér að neitt hafi verið greitt fyrir félagið.


hvoll annaðist og seldi, hefði verið seldur á að minnsta kosti 50 prósentum undir raunverulegu virði í söluferli sem eitt vitnið fyrir dómi lýsti sem „sjoppulegt“. Fram kom að stjórn Klakka, sem í sat Steinar Þór Guðgeirsson lögmaður, fyrir hönd Lindarhvals, hafði undir höndum



Haukur Camillus Benediktsson, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans.



Steinar Þór Guðgeirsson lögmaður.



Birgir Ármannsson, forseti Alþingis.



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra.



hálfum milljarði og fram kom hjá Steinari Þór og fleiri vitnum að stjórn Lindarhvals reyndi ekki að verðmeta eignina heldur horfði einungis til bókfærðs verðs hennar í yfirfærslu til ríkisins. Segir þó í skýrslu Ríkisendurskoðunar: „Verklag Lindarhvals ehf. var síðan með þeim hætti að stjórn félagsins, sem var lögum samkvæmt skipuð einstaklingum sem hafa sérþekkingu á starfsemi og eignum í umsýslu félagsins, mat sjálfstætt á grundvelli sérþekkingar sinnar lágmarksverð einstakra eigna.“

Þessi staðhæfing Skúla Eggerts Þórðarsonar er bersýnilega röng. Það staðfestir eiðsvarinn vitnisburður fleiri en eins vitnis við aðalmeðferð Lindarhvalsmálsins í héraðsdómi í janúar.

Birgir situr á greinargerðinni

Mikla athygli hefur vakið að þrátt fyrir að forsætisnefnd Alþingis hafi í byrjun apríl á síðasta ári, að fengnu ítarlegu lögfræðialiti, samþykkt einróma að afhenda blaðamanni Viðskiptablaðsins greinargerð Sigurðar Þórðarsonar frá því í júlí 2018 hefur Birgir Ármannsson, forseti þingsins, neitað að framfylgja þeirri samþykkt.

Birgir ber því við að komið hafi fram athugasemdir frá Ríkisendurskoðun og stjórn Lindarhvals eftir að nefndi samþykkti að afhenda greinargerðina. Fram hefur komið að engar nýjar athugasemdir voru gerðar af hálfu þessara aðila, sem ekki lágu fyrir áður en samþykkt var að opinbera skýrsluna.

Einnig er í meira lagi furðulegt að tala um „stjórn“ Lindarhvals vegna þess að sú stjórn er ekki til. Einn starfsmaður af fjármálaráðuneyti Bjarna Benediktssonar fer með málefni Lindarhvals. Má því ljóst vera að fjármálaráðherra væri í löfa lagið að beita sér fyrir birtingu greinargerðarinnar, ekki síst þar sem Sigurður Þórðarson sjálfur hefur itrekað

óskað eftir að hún verði gerð opinber.

Þörf á rannsóknarnefnd

Ljóst er að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis getur ekki afgreitt skýrslu Skúla Eggerts Þórðarsonar án þess að kafa ofan í greinargerð Sigurðar Þórðarsonar, enda liggur fyrir að skýrsla Skúla Eggerts skautar með öllu fram hjá alvarlegum aðfinnslum og ábendingum Sigurðar, auk þess sem gríðarlegar staðreyndavillur er að finna í skýrslu Skúla Eggerts, sem Bjarni Benediktsson leggur höfuðáherslu á að verði eina plaggid sem til verði um starfsemi Lindarhvals og söluferli ríkiseigna.

Nefndarmenn í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis fengu að sjá umrædda greinargerð á síðasta kjörtímabili. Nefndarmenn fengu að skoða eintak afskýrslunni en urðu að skilja eftir síma sína og skriffæri þannig að þeir höfðu ekki einu sinni tók á að hripa niður hjá sér punkta um innihald hennar. Nefndarmenn sem Fréttablaðið hefur rætt við segja greinargerðina benda til þess að pottur hafi verið brotinn í starfsemi Lindarhvals og sölu ríkiseigna upp á milljarða og birting hennar kæmi sér mjög illa fyrir fjármálaráðherra, fyrrum stjórnarmenn Lindarhvals, Ríkisendurskoðun og Steinar Þór Guðgeirsson og þá sem sömdu við hann um störf hans fyrir Lindarhvol.

Ekkert liggur fyrir um það hvort stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd tekur skýrslu Ríkisendurskoðunar aftur á dagskrá, en hún hefur vald til þess. Bersýnilega gæti nefndin ekki afgreitt hana án þess að fara einnig gaumgæfilega yfir greinargerð Sigurðar Þórðarsonar.

Stjórnarþingmenn sem Fréttablaðið hefur rætt við um málið telja samir málið vera svo alvarlegt að ekki dugi minna en að Alþingi skipi sérstaka rannsóknarnefnd til að fara ofan í Lindarhvalsmálið. ■

Breyttur heimur



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Oft og einatt hafa Vesturlandabúar gónt á nafla síns heima – og haldið fram þeirri kenningu að ekkert rúmist þar utan sem ekki megi ýmist ræna, rufla, ellegar tala niður til.

Ekki einasta hafi Mekku siðmenningarinnar ávallt verið að finna í Gamla heiminum, sem svo hefur verið nefndur af dreissugu dramb-læti, heldur séu helstu vísindaafræk og framfaraskref mannkyns bundin við þann eina stað.

En allt er í heiminum hverfult – og nú er svo komið að öflug hagkerfi utan þessarar meintu viskumiðju eru að taka fram úr Evrópulöndum í efnahagslegum styrk og kaupgetu.

Ástæðan er einfaldlega sú að hvergi fjölga meira og hraðar í aflögufærri millistétt en einmitt í fjölmennustu löndum Asíu og Suður-Ameríku, á sama tíma og hægir mjög á náttúrulegri fjölgun heimamanna í Evrópu, en álfan sú arna getur ekki bætt sér það upp nema með innflutningi vinnuafls frá fjarlægum löndum.

Það er í þessu ljósi sem einkar athyglisvert er að fylgjast með evrópskum vísindarannsóknnum á lýðfræðilegum breytingum næstu áratuga, en þær sýna öðru fremur hvar neytendakrafturinn verður helst leystur úr læðingi fram eftir nýrri öld.

Einu löndin sem færa sig upp þann lista á næstu þrjátíu árum, fyrir utan Kína sem situr í toppsætinu eftir sem áður – og eykur bara forystu sína, eru Indland, Indónesía, Brasilía og Mexíkó, en síðastnefnda ríkið hefur raunar aldrei áður ratað í fyrstu tíu sæti listans yfir þær þjóðir sem státa af mestri kaupgetu.

Þau lönd sem helst munu gefa eftir á listanum fram til 2050 eru Bandaríkin, sem fellur úr öðru sæti í það þriðja, og hleypir Inlandi upp fyrir sig, en hæsta fallið er hjá Japan og Þýskalandi. Það fyrrnefnda fer úr fjórða sæti í það áttunda. Það síðarnefnda úr fimmta sæti í það níunda.

Í báðum þessum löndum hefur hægt svo mjög á fólksfjölgun að til trafala horfir. Þar er hin breiða millistétt að láta undan.

Frakkland, sem var í tíunda sæti, fellur út af listanum, og Bretland tekur það sæti eftir að hafa sigið um eitt á þessum tíma.

Það verður því svo komið innan þrjátíu ára að einungis tvö Evrópulönd verða á lista yfir tíu sterkustu markaðssvæði jarðarinnar hvað neyslukraftinn varðar – og þessi tvö lönd, Þýskaland og Bretland, reka lestina á honum.

Að þessu leyti er gamla álfan að gefa eftir, hvað svo sem segja má um lýðræðisþróttinn sem þar er að finna, að ekki sé talað um samstöðuna, svo og óbilandi trú á mannréttindi. ■

HALLDÓR



”
Nú er svo komið að öflug hagkerfi utan þessarar meintu viskumiðju eru að taka fram úr Evrópulöndum í efnahagslegum styrk og kaupgetu.

FRÁ DEGI TIL DAGS

benediktboas@frettabladid.is

Stórsigur kvenna og kjötæta
Skýrsla fjölmiðlanefndarinnar um hatur í íslensku samfélagi leiðir í ljós stórsigur kvenna og þeirra sem leyfa sér smá blóð á diskinn sinn. Þegar um þúsund þátttakendur könnunar nefndarinnar voru spurdir: Er einhver hópur sem þér mislíkar mjög, kom í ljós að aðeins 0,5 prósent þolir ekki konur eða kjötætur. Nærri átta prósentum mislíkar þó við Römafolk, sem er ansi merkileg staðreynd því Römafolk hefur varla komist í fréttir hér á landi. Síðast var það árið 2019 þegar fyrirlestur var um málefni Römafólks og sagði þá skipuleggjandi að það væri hálfgerð huldúfolk. En kannski er það það sem þessar hluta landsmanna.

Þýddar spurningar
Spurningarnar í þessari könnun eru þýddar frá Svíþjóð og Noregi og vonast fjölmiðlanefndin eftir því að niðurstöðurnar geti nýst stjórnmálum. Vonin sé að hér verði hægt að tryggja öflugt stafrænt lýðræðissamfélag, eins og það er orðað. Meira að segja vonast þessi nefnd eftir því að alls konar stofnanir geti nýtt sér það hvað Íslendingar þola ekki Römafolk. Í skýrslunni er sagt að samanburður sé mikilvægur til að vita hvernig staðan er á Íslandi. En séu niðurstöður sænsku og norsku rannsóknarinnar skoðaðar má sjá að Íslendingar eru bitrari og reidari en frændþjóðir okkar. Sérstaklega er varðar stjórnmálaflokka. ■

Guðrún og verðmætin



Logi Einarsson
formaður
þingflokks Sam-
fylkingarinnar
jafnaðarflokks
Íslands

Nýlega birta Félag atvinnurekenda niðurstöður skýrslu um launa- og fjöldapróun opinberra starfsmanna undanfarin ár. Af því tilefni var haft eftir Guðrúnu Hafsteinsdóttur, þingmanni og verðandi ráðherra Sjálfstæðisflokksins, í miðlinum Vísir: „Verðmætin í íslensku samfélagi verða til í einkageiranum, þau verða til á almenna markaðnum, þannig við megum aldrei gleyma því að hlúa að fyrirtækjunum í landinu.“

Vissulega þarf að búa fyrirtækjarekstri góða umgjörð en hún er fráleit og þreytt sú margtugna klisja að verðmætin verði eingöngu til í einkarekstri. Öllum ætti að vera augljóst að þau skapast í góðu samspili einkageirans og hins opinberra. Það er að minnsta kosti hætt við að verðmætasköpun fyrirtækja skryppi talsvert saman án öflugra skóla og heilbrigðisþjónustu, skilvirkar löggæslu og dómstóla, góðra almenningssamgangna, veður- og hafrannsóknna, alþjóðasamninga og þúsunda annarra starfa sem mestmegnis eru unnin af opinberum starfsmönnum.

Á ráðstefnu í tilefni þessarar sömu skýrslu, flutti sama ráðherraefni ræðu og sagði meðal annars: „Eins og ykkur er held ég flestum kunnugt, þá skipti ég um starfsvettvang fyrir um 18 mánuðum síðan. Og flest þekkið þið minn bakgrunn og því ætti ekki að koma ykkur á óvart að það versta við þessi nýju umskipti í mínu lífi, að þau voru að verða opinber starfsmaður. Þá vísa ég til þess að ég sé nú á framfæri annarra en sjálfar mín ...“ Fyrir utan þekkingarleysið og hrokann sem birtast í ummælunum er þetta býsna köld kveðja til alls þess opinbera starfsfólks sem vann í framlinustörfum fyrir örfáum misserum, þegar Covid-bylgjan lék landsmenn grátt, meðal annars til að verja hagkerfið.


Þegar draumur Guðrúnar Hafsteinsdóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um ráðherrastól verður loks uppfylltur mun hún hafa á sinni könnu fjölda stofnana, þar sem þúsundir opinberra starfsmanna sinna fjölbreyttum og dýrmætum störfum. Ég óska henni góðs gengis en vona innilega að áður en til þess kemur, átti hún sig á mikilvægi og virði starfa þessa fólks fyrir verðmætasköpun landsins en líti ekki þannig á að þau séu á framfæri annarra en sjálfrá sin. ■

FRÁBÆRT TILBOÐ

á kver.is – kr. 2.999

Fyndin og frumleg bók fyrir lesendur á aldrinum 6-106.

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!



Fátækt fólk, taka tvö

■ Í dag



Karl Th.
Birgisson

Tvö af stærstu ágreiningsefnum á Íslandi þessar vikurnar snúast um efnalítið og fátækt fólk.

Sú staðreynd ein staðfestir enn og aftur hversu mikilvæg baráttan fyrir kjörum þess er.

Það er gömul saga og ný.

Nýlundan er núna sú, að langflest af þessu fólk er útlendingar.

Af því að Íslendingar nenna ekki að vinna erfiðu störf. Við erum of fin með okkur.

Það er einn verkurinn

Einkum af því að á sama tíma og vel flest lögstlaunaða fólkinn innan Eflingar er útlendingar hefur ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur ákveðið að niðast enn frekar á illa settum útlendingum.

Með nýjum lögum um þá.

Hér er ekki tóm til að rekja efnisatriði þeirra mála, einungis reynt að setja í samhengi.

Jón Gunnarsson, Sigmundur Davíð og Inga Sæland – að ég nefni ekki Birgi Þórarinnsson, þennan með altarismyndina af sjálfum sér í privatkirkjunni sinni – klifa á því að svokölluð útlendingamál séu „algerlega stjórnlaus“

Það er rakin þvæla, og orðbragðið er vísvitandi.

450 milljónir

Á morgun gætu 450 milljónir manna flutt til Íslands, ef þau kysu svo.

Og ef aðstæður byðu upp á það, til dæmis húsnæði.

En annars alveg athugasemda-laust.

Af því að það er ferða- og atvinnufrelsi innan EES.

Fáein þúsund fólks, sem þarf á skjóli að halda, skapa ekkert stjórnleysi. Slíkar frasaklísjur lýsa vanmætti þeirra sem ráða ekki við verkefnið og kjósa að kenna öðrum um. Útlendingunum.

Fyrr á öldum var fólk sjaldnast úthýst í íslenskum sveitum, beiddist það gistingar, en einstaka smásál lokaði þó dyrunum með þeim orðum að „þetta“ væri trúlega lúsugt, þótt innan dyra væru fleti, hlýja og nægur grautur.

Sú hugsun er enn undirliggjandi þema í máli þeirra sem vilja loka



Af því að við erum of fin með okkur. Meik- um ekki slorið og gorið, niðurganginn og æluna.

dyrunum. Ögn meira um það á eftir.

Hreinir eiginhagsmunir

Önnur þvæla – jájá – er að nýbúar megi ekki koma til Íslands nema eftir skýrt skilgreindri neyð og alls ekki í leit að betra lífi eða af „efnahagslegum ástæðum“.

Það er svo mikill kostnaður af þessu hyski.

Einmitt.

Segið það sjúkrahúsunum, hótélunum, fiskvinnslunni og öðrum verksmiðjum úti um allt land áratugum saman – eða bara sláturhúsunum.

Helvítis útlendingarnir halda þessari starfsemi uppi, og við þyrftum fleiri af þeim frekar en hitt.

Af því að við erum of fin með okkur. Meikum ekki slorið og gorið, niðurganginn og æluna.

Þegar Inga Sæland vill enn einu sinni etja saman fátækum útlendingum, sem halda uppi nauðsynlegri þjónustu, og öðru fátæku fólk – til dæmis öryrkjum og sumu eldra fólk – yfirsjást henni þessar grjóthörðu staðreyndir.

Kannske er Inga ekki rasisti, eins og hún segir. En hún talar af dæmigerðri evrópskri útlendingaandúð. Þið dragið svo bara ykkar ályktanir.

Já – rasisminn

Eiríkur Bergmann hefur leitt að því rök í sínum finu skrifum hvers vegna á Íslandi hefur aldrei orðið til alvöru rasistaflokkur: Rasisminn svolgraðist inn í hina flokkana.

Nazistarnir gengu í Sjálfstæðisflokkinn og ekki vantaði kynþáttahyggjuna í gamla Framsóknarflokkinn. (Eða hinn nýja: „Á ég að halda á þessari svörtu?“)

Við lokuðum dyrunum á gyðinga fyrir seinna stríð og sendum þá þar með í opinn dauðann.

Við tókum blessunarlega á móti fjölda Ungverja upp úr 1956. Áhuga-fólk um íslenska tónlistarsögu veit hvaða ávexti það bar.

Um miðjan áttunda áratuginn varð talsvert uppnám þegar tekið var á móti „bátafólki“ frá Vietnam. Þá var þjóðmenningin í uppnámi og við skipuðum þessu fólk vita-skuld að taka upp íslensk nöfn.

Eilífur Friður hefur alltaf verið í uppáhaldi.

En þjóðmenningin fór náttúrulega á hliðina. Við fengum núðlur og Nings.

Svo mætti lengi telja, en gyðingar okkar tíma eru múslimar. Nýja rasistatízkana er múslimaandúð, eins og dæmin sanna á hverjum degi.

Fátækt fólk

Fyrir því eru semsagt ótal eiginhagsmunarök að fá til Íslands fleira fólk en færra, en þau eru hjóm fyrir þá sem eiga í hlut.

Það er nefnilega fólk í leit að betra lífi. Eðli málsins samkvæmt flytja fáir til Íslands vegna veðurfarsins.

Barátta Eflingar – og allra hreyfinga launafólks – snýst að stórum hluta um þetta fólk.

Tryggvi Emilsson sendi frá sér hálfátræður bókina Fátækt fólk. Ári síðar kom Baráttan um brauðið. Gömul saga og ný.

Væri einhver til í að redda Halldóri Benjamín og Katrínu Jakobsdóttur bókasafnskorti?

Þau virðast hafa týnt sínum.

Við þurfum nefnilega að læra. ■



FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólknið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT

Ólöf full sjálfstrausts og á framtíðina fyrir sér

Ólöf Sigríður Kristinsdóttir fór á kostum í sínum fyrsta landsleik fyrir Íslands hönd á miðvikudag. Þar var hún allt í öllu í sigri á Skotlandi. Þessi níttján ára gamli sóknarmaður Þróttar er á leið í nám við Harvard í lok sumars og á klárlega framtíðina fyrir sér innan vallar sem utan.

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Ólöf Sigríður Kristinsdóttir var nokkuð óvænt hetja íslenska kvennalandsliðsins gegn því skoska í fyrsta leik liðanna á Pinatar-æfingamóti á Spáni á miðvikudag. Sóknarmaðurinn ungi skoraði bæði mörk Íslands á tveggja mínútna kafla í 2-0 sigri. Þetta var fyrsti landsleikur Ólafar.

Um fjögurra liða mót er að ræða. Filippseyjar og Wales taka einnig þátt í móti.

„Þetta voru forréttindi og mikill heiður. Ég er mjög stolt. Það var líka mjög gaman að fá sigur í fyrsta leik,“ segir Ólöf himinlifandi í samtali við Fréttablaðið.

Það gerist nú varla betra en að skora tvö mörk í sínum fyrsta landsleik. Var þetta hin fullkomna byrjun?

„Væri það ekki að skora þrennu?“ spyr Ólöf og hlær. „Jú, þetta var mjög góð byrjun. Ég vona að ég geti haldið svona áfram.“

Ætlaði sér að skora

Íslenska liðið tók vel við sér í seinni hálfleik á miðvikudag eftir að Skotlar höfðu verið betri í þeim fyrri. Ólöf ætlaði sér að skora í leiknum.

„Ég hafði alltaf mikla trú á þessu þótt fyrri hálfleikurinn hafi ekki verið upp á marga fiska. Ég var samt staðráðin í að skora í þessum leik.“

Þó svo að Pinatar-mótið sé ekki það stærsta í landsliðsfótboltnum er það afar mikilvægt fyrir þjálfara landsliðanna sem þar taka þátt. Þeir geta prófað sig áfram með ný leikkerfi og skoðað hvar leikmenn standa, svo eitthvað sé nefnt.

Ólöf segir frábært fyrir íslenska liðið að fá þetta mót á þessum tímapunkti.

„Þetta er mjög gott mót að fá. Allir leikmennirnir eru á mismunandi stað. Sumir eru á undirbúnings-tímabili en aðrir á miðju tímabili. Það er mikilvægt að leika þessa æfingaleiki því þjálfarinn getur prófað það sem hann vill. Leikmenn þora þá líka frekar að gera hluti, eitthvað nýtt.“

Vildi fá traustið

Ólöf er auðvitað að stiga sín fyrstu skref með íslenska landsliðinu.



Ólöf Sigríður Kristinsdóttir átti frábæran leik fyrir íslenska landsliðið gegn því skoska. Hún skoraði tvö mörk í sínum fyrsta landsleik. Mynd/KSÍ



Ég held ég hefði ekkert ákveðið að fara þangað nema þær væru þarna.

Hún vissi ekki nákvæmlega hvert sitt hlutverk yrði þegar Stelpurnar okkar héldu til Pinatar á Spáni.

„Ég vissi ekkert þegar ég kom hingað. Ég vissi ekki einu sinni að ég myndi byrja leikinn gegn Skotlandi og það kom mér bara skemmtilega á óvart,“ segir hún, en næsti leikur Íslands á móti verður gegn Wales annað kvöld.

Ólöf er uppalin hjá Val. Eftir sumarið 2021 ákvað hún hins vegar að skipta yfir í Þrótt Reykjavík, þar sem hún leikur nú. Á þeim tímapunkti hafði Ólöf þegar verið hjá Þrótti á láni í tvö ár.

Afhverju ákvað hún að yfirgefa uppeldisfélagið á þessum tímapunkti?

„Ég vildi fara þangað sem ég fengi traust hjá þjálfaranum. Ég sá ekki fram á að ég væri að fara að spila jafnmikið hjá Val og ég geri hjá Þrótti. Auðvitað langaði mig að spila með uppeldisfélaginu en ég var með riftunarákvæði og ákvað að nýta mér það eftir tímabilið 2021.“

Fer í Harvard

Ólöf er að gera vel innan vallar sem

Leikir Íslands á Pinatar Cup

15.02 Ísland 2-0 Skotland
18.02 Ísland-Wales
21.02 Ísland-Filippseyjar

Staðan í móti

1. Ísland 3 stig (+2)
2. Wales 3 stig (+1)
3. Filippseyjar 0 stig (-1)
4. Skotland 0 stig (-2)

„Það er líka bara að fara að gera mig betri að spila í öðru umhverfi, öðruvísi deild. Þetta er öðruvísi fótbolti. Það eru rosalega sterkir einstaklingar í þessu liði. Leikmenn sem hafa verið að spila með danska landsliðinu, því kanadíska og yngri landsliðum Bandaríkjanna.“

Í Harvard hittir hún fyrir tvær aðrar íslenskar knattspyrnukonur, þær Áslaugu Mundu Gunnlaugsdóttur og Hildi Þóru Hákonardóttur. Ólöf segir þær hafa gert útslagið þegar kom að því að velja Harvard til að iðka nám sitt og spila knattspyrnu.

„Ég held ég hefði ekkert ákveðið að fara þangað nema vegna þess að þær eru þarna. Það er ótrúlega þægilegt að geta spurt þær út í allt saman. Þær eru búnar að hjálpa mér ótrúlega mikið í öllu ferlinu og gera þetta svo miklu meira spennandi.“

Nám og knattspyrnuíðkun við Harvard mun án efa opna dyr Ólafar fyrir hinum ýmsu tækifærum í framtíðinni. „Þetta getur verið stökkpallur. Það eru mjög mörg tækifæri sem þetta opnar á,“ segir Ólöf Sigríður Kristinsdóttir. ■

utan. Hún hefur fengið inngöngu í Harvard-háskólann í Bandaríkjunum frá og með næsta hausti. Eins og margir vita er það einn virtasti háskóli heims.

„Ég er mjög spennt fyrir því að fara í Harvard og prófa það.“

Harvard er einnig með sterkt knattspyrnulið. Ólöf segir engan vafa um að hún sé að taka skref upp á við innan fótboltans með því að fara í Harvard.

Framtíð Messi í lausu lofti og David Beckham bíður og vonar

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Framtíð Lionel Messi virðist í töluverðri óvissu ef marka má nýjustu fréttir. Argentínski knattspyrnusnillingurinn hefur ekki ákveðið hvort hann vilji vera áfram hjá Paris Saint-Germain eður ei.

Messi gekk í raðir PSG sumarið 2021. Hann neyddist þá til að yfirgefa Barcelona vegna gifurlegra fjárhagsvandæða félagsins. Hann hafði leikið með Katalóníustórveldinu allt frá því hann yfirgaf heimalandið og hélt til Evrópu sem táningur.

Hjá PSG hefur Messi skorað eða lagt upp mark í nánast hverjum einasta leik að meðaltali. Nú gæti dvöl hans í borg ástarinnar hins vegar senn verið á enda.

Samningur Messi við PSG rennur brátt út, en hann er í gildi út yfirstandandi leiktíð. Renni hann út

án þess að Messi framlengi má hann einfaldlega fara annað á frjálstri sölu.

Æðstu menn hjá franska stórveldinu vilja ólmir fá Messi til að skrifa undir nýjan samning. Samkvæmt helstu miðlum hefur kappinn hins vegar sjaldan verið jafn óákveðinn er kemur að framtíð sinni.

Það hjálpar ekki PSG að bandaríska félagið Inter Miami, í eigu David Beckham, horfir húru auga til Messi. Hann hefur lengi verið orðaður við félagið og þykir það vera hans líklegasti áfangastaður þegar hann yfirgefur PSG.



Tölfræði Messi hjá PSG

Leikir: 60
Mörk: 26
Stoðsendingar: 29

Bæði eiginkona Messi, Antonela Rocuzzo, og börn þeirra eru sögð hrifin af þeirri hugmynd að flytja búferlum til Miami. Bandaríska félagið virðist því vera með öll spilin á hendi.

Phil Neville, fyrrverandi leikmaður Manchester United og enska landsliðsins til margra ára, er aðalþjálfari Inter Miami. Hann vildi ekki útiloka það að félagið myndi reyna að fá Messi er hann var spurður út í það í síðasta mánuði.

Nú fylgist heimsbyggðin með næstu skrefum Lionel Messi. ■

Messi er orðinn 35 ára gamall og sólin í Miami heillar óneitanlega.

Það sem rennir svo stoðum undir það að Messi gæti endað hjá Inter Miami er sú staðreynd að hann og fjölskylda hans eiga þar heimili fyrir. Þau verja því gjarnan fríum sínum þar.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FÖSTUDAGUR 17. febrúar 2023



Flautukór Menntaskóla í tónlist kemur fram í Hörpu á sunnudag.

Flautuveisla í Hörpu um helgina

starri@frettabladid.is

Flautukór Menntaskóla í tónlist (MÍT) heldur tónleika í Hörpuhorni á sunnudag, 19. febrúar, og hefjast þeir kl. 16. Á tónleikunum verða flutt verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, boðið upp á fjörugan dans eftir Brahms, flæðandi tónljóð eftir Smetana, ljúfa prelúdíu eftir Chopin, hressandi tangó og margt fleira að sögn Bjargar Brjánsdóttur stjórnanda. „Flautukórinn er skipaður flautunemendum Menntaskólans í tónlist, MÍT. Flautuleikararnir mæta á flautukórsæfingar öll mánudagskvöld og við æfum alls konar músík og þjálfum okkur í hinum ýmsu samspilspáttum,“ segir Björg.

Í vetur hefur Flautukórinn komið fram á tónleikum í Ráðhúsinu og Dómkirkjunni auk þess sem hópurinn fór í nokkrar hjúkrunarheimilaheimsóknir fyrir jól og hélt jólatónleika fyrir íbúa þar.

Einleikari kvaddur

Einleikari á tónleikunum á sunnudag er Lilja Hákonardóttir. Hún er flautunemandi við MÍT og útskrifast í vor og hefur háskólanám í þverflautuleik í London í haust. „Því fannst okkur tilvalið að kveðja hana með því að fá hana til að flytja fallegu Siciliönu Þorkels Sigurbjörnssonar með okkur. Þetta verk er hluti af flautukonserti Þorkels, Kólumbínu, sem hann samdi fyrir Manuelu Wiesler árið 1982.“

Aðgangur er ókeypis.
Nánar á harpa.is. ■



Gunnlöð Jóna Rúnarsdóttir segir að með útgáfu ljóðabókarinnar ögri þær sér og berskjaldi.

MYNDR/GUNNLÖÐ JÓNA RÚNARSDÓTTIR


Það virðast allir elska okkur

Gunnlöð Jóna Rúnarsdóttir er einn sex meðlima spunahópsins Eldklárar og eftirsóttar. Hópurinn samanstendur af sex eldklárurum og mjög myndnum konum. Þær takmarka sig ekki við spunasýningar en ljóðabókin Óumbeðin ástarbréf er væntanleg. **2**

Alla daga
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun
@frettabladid.is

„Óumbeðin ástarbréf er ljóða- bók í vinnslu. Bréfin koma öll frá okkur sjálfum, en þau eru rituð til ásta sem við höfum átt, þráð eða eigum jafnvel núna. Öll bréfin eru sönn, þau eru ekkert grín. Sum eru auðvitað myndin, en mörg eru líka sorgleg og önnur sjóð- heit. Í bókinni köfum við í allar tilfinningar sem til eru. Stefnan er sett á einhvers konar sýningu við útgáfu, en útfærslan á henni er enn í þróun. Við erum þó með eins konar sýningu í gangi núna en víðs vegar um miðbæinn má finna ljóð úr bókinni á rafmagnskössum, ljósastaurum og lúnum húsum,“ segir Gunnlöð.

Sjálf segist Gunnlöð ekki hafa fengið mikið af óumbeðnum ástar- bréfum. „En ef menn tjá ást sína með typpamyndum og klúrum skilaboðum, þá hef ég fengið nokkur, því miður,“ segir hún og heldur áfram:

„Okkar óumbeðnu ástarbréf eru alls konar. Mörg hver eru bréf sem við hefðum kannski viljað senda á einhverjum tímamarki en slepptum af einhverjum ástæðum. Sum bréfin langar okkur ekki endilega að birta en öðrum okkur með því að gera það. Okkur langar að berskjalda okkur og tilfinningar okkar því rétt eins og konur í gríni fá tilfinningar oft ekki nægilegt pláss.“

Talandi um konur í gríni. Finnið þið enn fyrir því að fólk telji konur ekki vera myndnar? Eða er flest fólk hætt að hugsa þannig?

„Blessunarlega finnum við ekki mikið fyrir því en erum meðvit- aðar um að konur fá minni pláss til að vera myndnar. Karlar virðast mega grínast með fleira en konur. Þær eru einnig bókaðar í færri grín-gigg. Þessu verður að breyta,“ segir Gunnlöð.

„Húmor er vissulega mjög per- sönubundinn en það er alveg galið að ákveða að heilt kyn sé ekki myndið. Leiðinlegra fyrir fólk sem trúir þessu því það er að missa af miklu gríni.“

Spuninn leiddi þær saman

Auk Gunnlaðar samanstendur spunahópurinn Eldklárar og eftir- sóttar af þeim Ebbu Sig, Grímu Kristjánsdóttur, Heiðu Vigdísí Sig- fúsdóttur, Laufeyju Haraldsdóttur



Viðs vegar um miðbæinn má finna ljóð úr bókinni, á rafmagnskössum, ljósa- staurum og lúnum húsum.

og Sunnu Björgu Gunnarsdóttur, sem allar hafa ólíkan bakgrunn en eiga þó sköpunina sameiginlega.

„Í hópnum eru til dæmis leik- konur, uppistandarar, ljósmyndari, rithöfundur og keramiklistakona. Við erum svo með bakgrunn í alls konar, eins og lögfræði og hagfræði svo einhver óvanaleg dæmi séu tekin,“ segir Gunnlöð, sem sjálf starfar sem ljósmyndari.

Sem hópur kynntust konurnar í gegnum spunann en flestar voru þær saman á spunanámskeiði fyrir konur árið 2019, þó sumar hafi þekkt lengur. Gunnlöð segir misjafnt hvernig þær komust upprunalega í kynni við spuna,

sumar kynntust honum í gegnum leiklistina, aðrar höfðu séð spuna- sýningar og langaði að læra.

„Spuninn kom allavega til okkar allra þegar við þurftum á honum að halda,“ segir hún.

„Spunann fylgir mikið frelsi, hann er góð núvitundaræfing en líka æfing í að sleppa sér og leyfa sér að fíflast. Það er alltaf spennandi að sjá hvað gerist, því við vitum það ekki einu sinni sjálfar,“ segir hún þegar hún er spurð hvað henni þyki mest spennandi við spunann, en það sem er mest krefjandi er að stíga aftur inn í raunveruleikann.

„Lífið er reyndar spuni, svo

kannski er spuni raunveruleikinn,“ bætir hún við.

Listinn virkaði

Nafnið Eldklárar og eftirsóttar er áhugavert. Hvaðan kemur það?

„Þegar hópurinn var nýlega stofnaður, höldum við árshátið. Við ákváðum að á því kvöldi yrði nafn á hópinn ákveðið svo við höldum formlega kosningu og allar skrifuðu nöfn á miða sem settir voru í skál. Við tók kosningaferli þar sem hver miði á fætur öðrum var lesinn upp og tillögurnar ræddar. Eitt nafn þótti langbest en það var Eldklárar og eftirsóttar. Ein af stofnmeðlimum hópsins, sem nú er að vísu hætt, birtist stuttu áður á lista ónefnds fréttamíðils yfir „eldklárar og eftirsóttar konur á lausu“ og okkur þótti það svo myndið. Vert er þó að segja frá því að listinn virkaði, því stuttu síðar fann hún mann og er nú í farsælu sambandi,“ segir Gunnlöð og hlær.

Hópurinn var formlega stofn- aður árið 2021 þótt upphafið megi rekja til ársins 2019. Fyrir síðustu jólu settu þær upp jólasýningar sem Gunnlöð segir að hafi heppnast afar vel. Hún segir þær grínast með flest án þess þó að fara yfir einhver mörk.

„Okkur finnst þó gaman að ögra smá með okkar gríni og við potum til dæmis mikið í feðraveldið og kapítalisma,“ segir hún.

Þær sýndu á Reykjavík Fringe síðasta sumar og hafa einnig sýnt með Improv Ísland þónokkrum sinnum síðustu ár.

„Við höfum svo tekið að okkur gigg í einkasamkvæmum og á vinnustöðum sem er alltaf skemmtilegt,“ segir Gunnlöð og bætir glettin við að þeim hafi alltaf verið vel tekið.

„Það virðast allir elska okkur!“ Þessa dagana fer þó öll orkan í væntanlega ljóðabók, en von er á henni í maí.

„Við erum dálítið að nýta orkuna okkar í bókina núna en við erum svo framtakssamar og æstar að það er aldrei að vita nema við höldum einhverjar sýningar fyrir útgáfu. Við reynum að vera virkar á sam- félagsmiðlum og deilum þar öllu sem við gerum, svo áhugasamt fólk getur kíkt á okkur þar!“ ■

Ebba Sig, Laufey, Haraldsdóttir, Gríma Kristjáns- dóttir, Heiða Vigdís Sigfús- dóttir og Sunna Björg Gunn- arsdóttir skipa hópinn Eldklárar og eftirsóttar ásamt Gunn- löðu.

MYNDIR/
GUNNLOÐ JÓNA
RÚNARSDÓTTIR



YEST/YESTA gallabuxur
 Fleiri litir til
 Stærðir 36-60
 Verð 11.980 kr



YEST/YESTA litaðar gallabuxur
 Fleiri litir til
 Stærðir 36-52
 Verð 14.980 kr



ZE ZE Shape2 buxur
 Fleiri litir til
 Stærðir 34-48
 Verð 10.990 kr



YEST/YESTA buxur með víðu sniði
 Fást líka í svörtu
 Stærðir 36-60
 Verð 9.980 kr



Jazzy gallabuxur
 Stærðir 42-58
 Verð 10.990 kr

yesta

yest

no^{secret}

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE
Nordic

Q^{UE}



STUDIO Lajla kósýbuxur
 Stærðir 38-56
 Verð 12.980 kr



YEST/YESTA kósýbuxur
 Fást líka í beige
 Stærðir 36-52
 Verð 12.980 kr



ROBELL Nena 09 ökkla gallabuxur
 Stærðir 36-52
 Verð 21.980 kr



ROBELL Bella 09 ökklabuxur
 Fleiri litir til
 Stærðir 34-56
 Verð 7.980 kr



IVY BEAU Pleður snake leggings
 Stærðir 36-46
 Verð 8.980 kr

SUNDAY
by Godske

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO[®]

Tamaris

GOZZIP[®]

HABELLA

SANDGAARD

Jana[®]

L'ASSESSOR



ZE ZE hnébuxur
 Fleiri litir til
 Stærðir 36-48
 Verð 8.990 kr



ZE ZE galla hnébuxur
 Stærðir 34-48
 Verð 9.990 kr



ROBELL Bella 05 hnébuxur
 Fleiri litir til
 Stærðir 34-52
 Verð 7.980 kr



ZHENZI kvartbuxur
 Fleiri litir til
 Stærðir 42-56
 Verð 7.990 kr



ZE ZE Lance pils með buxum undir
 Fleiri litir til
 Stærðir 36-48
 Verð 6.990 kr

Verzlunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Frímínútur

friminutur@frettabladid.is



Rómó í Þjójó

Helga Vollertsen, sérfræðingur í þjóðhátum, leiðir gesti í allan sannleika um ástir og leyndarmál kynslóðanna í rómantískri leiðsögn um Íslandssöguna á Þjóðminjasafninu nú á sunnudag. „Það rómantískasta finnst mér vera lepparnir, sem konur þrjónuðu og gáfu mönnum sem þeim leist best á, svo þeim yrði ekki kalt á tánum,“ segir Helga. „Þær gáfu þeim sem sagt eitthvað undir fótinn, og þaðan kemur orðasambandið að gefa einhverjum undir fótinn.“

Leiðsögnin verður helguð ástum og rómantik. Stiklað verður á stóru um tilhugalíf og hjúskap Íslendinga fyrir á öldum til dagsins í dag, en einnig fjallað um þrjár og væntingar til hjúskapar og ástar.

Kaffihúsið verður að sjálf-sögðu opið og í Safnbúð Þjóðminjasafnsins er hægt að kaupa fallegar konudagsgjafir. Aðgöngumiði í Þjóðminjasafnið kostar 2.500 kr. fyrir fullorðna og gildir í eitt ár en frítt er fyrir börn yngri en 18 ára. Það er því nægur tími fyrir alla til að njóta þess sem safnið hefur upp á að bjóða. Aðgöngumiðinn gildir að öllum sýningum og viðburðum á vegum safnsins. ■



Heill sé þér, Hattur

Græni hatturinn er tuttugu ára um þessar mundir

Er ekki Haukur Tryggvason, vert á Græna hattinum, örugglega búinn að fá fálkaorðuna fyrir framlag sitt til tónlistar og tjúts? Græni hatturinn hefur haldið fjölbreytta viðburði og verið flaggskip samkvæmislífsins á Akureyri í tuttugu ár. Sérstaka athygli vekur fjölbreytni í tónleikum og einstök stemning. Næstu viðburðir á Græna hattinum eru:

- **17. feb.:** Helgi og Hljóðfæraleikararnir
- **23. og 24. feb.:** Friðrik Dór og Jón Jónsson
- **25. feb.:** Radiohead rokk-messa
- **3. mars:** Einar, Magni og Gunní Óla flytja aldamótahittara Einaris Bárðar
- **4. mars:** Bryndís Ásmunds syngur Janis Joplin, Amy Winehouse og Tinu Turner
- **10. og 11. mars:** Hollenska progsveitin Focus ■

Hvað er að gerast um helgina?

17. feb. Föstudagur

■ **Syngjandi í ríngingunni, söngleikur 10. bekkjar Viðistaðaskóla kl. 20**

■ **Íþróttahús Viðistaðaskóla 10.** bekkur Viðistaðaskóla hefur sett upp söngleiki frá stofnun skólans. Með hverju árinu hafa söngleikirnir orðið veglegri og metnaðarfullri og í ár setja nemendur upp söngleikinn Syngjandi í ríngingunni í íslensku þýðingu eftir Karl Ágúst Úlfsson.

■ **Einhleypkvöld Smitten & FM957 kl. 21.00**

■ **Hax**
Á singles night munum við hjálpa þér að brjóta ísinn með Match with me-leikjum sem kemur fólki saman á auðveldan og skemmtilegan hátt. Veglegir vinningar frá Blush eru í boði fyrir þá sem mæta og taka þátt! Að sjálf-sögðu verður DJ á staðnum sem mun halda stuðinu gangandi fram eftir kvöldi.



■ **Drýslar & dísir kl. 22.00 Þjóðleikhúskjallarinn**

Drýslar og dísir stilla saman (g) strengi sína á einstöku kvöldi þar sem löðrandi fönk leiðir lostafullan dans, sirkus og drag. Bommsadeisi og búkaskak! Fram koma: Gógó Starr, Tom-tastic, Margrét Maack, Jellyboy, Júllala, Bobbie Michelle, Jójóakim og C/Glitter Boys. Sýningin hentar ekki þeim sem óttast undur mannslikamans eða fönktonlist og er ekki við hæfi barna.

18. feb. Laugardagur

■ **Skiptimarkaður með grímu-búninga kl. 11-14**

■ **Safnahús Borgarfjarðar**
Hægt er koma með búninga sem þurfa nýja eigendur og finna búninga og furðuföt fyrir öskudaginn. Tökum þátt í hringrásarhagkerfinu og spörum, bæði fyrir umhverfið og okkur. Ath. Mikilvægt er að búningarnir séu í þokkalegu standi og hreinir.



■ **Mannþýr kl. 14.00**

■ **Tjarnarbió**
Mannþýr er þátttökusýning um hlutverk mannsins út frá sjónarhorni barna. Mannþýr er fyrir börn frá 4 ára aldri og upp úr.

■ **Kynslóðir uppistand kl. 20.30**

■ **Tjarnarbió**
Uppistandið Kynslóðir með Bergi Ebba heldur áfram í Tjarnarbió í vetur, eftir hátt í þrjátíu uppseldar sýningar og um fimm þúsund selda miða. Nú fer hver að verða síðastur að tryggja sér miða enda takmarkaður sýningafjöldi í boði.

■ **Valdimar kl. 21.00**

■ **Sviðið, Selfossi**
Hinn ástsæli Valdimar ásamt hljómsveit. 18 ára aldurstakmark.

■ **Iron Maiden heidurstónleikar kl. 22.00**

■ **Gaukurinn**
Heidurstónleikar Maiden flytur helstu smellina. Miðasala verður við innganginn.

19. feb. Sunnudagur

■ **Ramenmeistari Reykjavíkur**

■ **Ramen Momo**
Keppnin fer fram allan daginn. Þú pantar þér risa-ramen-rétt og tímataka hefst þegar gestur byrjar að borða. Um kvöldið kemur í ljós hver stóð sig best yfir daginn! Verð: 3.900 kr. Í verðlaun er árskort fyrir ótakmörkuðu ramen í heilt ár. Sá sem tapar fær tvö kíló af ferskum ramen-núðlum.

■ **Þunnudagsskák mót kl. 13.00**

■ **Snooker & Pool**
Menningarfélagið Miðbæjar-skák, heldur skák mót. Tefldar verða níu umferðir með tímamörkunum 3+2. Mótið er reiknað til hraðskákstiga.

■ **Kinky Coney Iceland kl. 21.00**

■ **Gaukurinn**
Fullorðinssirkus og óhugguleikar á kinky konudegi. Fram koma Perró, Lady Babalon, Jellyboy, Sindri Sparkle og hvolpurinn Aspen.

■ **Svartir sunnudagar - Serial mom kl. 21.00**

■ **Bió Paradís**
Hún er hin fullkomna húsmóðir, frábær kokkur sem flokkar rusl og mun gera hvað sem er fyrir börnin sín – bókstaflega allt!

■ Hreyfing



Stöngin inn

Ný dansnámskeiðahrina hefst í Kramhúsinu í næstu viku. Athygli vekur að nokkuð hefðbundinn dans virðist vera að slá í gegn þar sem aginn virðist vera það sem heillar. Dæmi um þetta eru hefðbundir balletttímur þar sem upphitun við stöng og pas de pourée er núvitundin sem fólk sækir í. Einnig eru hefðbundir jazzballetttímur þar sem jazzballettnemendur fortíðarinnar mæta gjarnan með legghlífar, í bland við fólk sem langaði alltaf í svona tíma á yngri árum en hafði ekki tók á því.

„Margir af þeim nemendum sem koma er fólk sem á einhverjum tímamarki þurfti að setja dansinn til hliðar, því kannski fór það í krefjandi nám, eða félagslíf unglingsáranna tók yfir,“ segir Jeffre Scott, sem kennir ballett fyrir byrjendur og jazzballett. „En svo er gjarnan málið að þau sem fila dans eiga erfitt með að finna sig í annarri líkamsrækt, þrá sporaþræði og samsetningar og þetta vald yfir líkamanum sem dansinn gefur.“

Æfingar við ballettstöng eru einnig sjóðheitar í hreyfiheiminum, í barre-tímum, þar sem æfingar við stöng blandast við teygjur, styrktaræfingar og pilates. „Já, þetta er búið að vera málið í Hollywood um nokkurt skeið. Sprakk algjörlega út í Covid þar sem stjórnumar voru að setja upp ballettstangir heima hjá sér,“ segir Margrét Weisschappel, sem kennir LA Barre. Hún segir að stöngin sé skemmtilegur líkamsræktarfélagi. „Um leið og við erum komin við stöngina hellist yfir man einhver agi, og ósjálfrátt verður fólk teinréttara.“ ■

Skráning og nánari upplýsingar eru á www.kramhusid.is

■ Uppskriftin

Dýrðlegt bláskelspasta að hætti Kaju

Það má með sanni segja að matur sé manns gaman og ekkert er skemmtilegra en að prófa nýja rétti sem innihalda ferskmeti og ljúffengt bragð. Við mælum með þessu dýrðlega bláskelspasta að hætti Karenar Jónsdóttur, sem ávallt er kölluð Kaja, og á og rekur Matarbúr Kaju og Kaja Organic á Akranesi. Þetta er einn af hennar uppáhaldsréttum sem er ótrúlega létt að matreiða og framreiða með glæsibrag.

Bláskelspasta að hætti Kaju

500 g ferskt pasta
250 g bláskel forsoðin
30 g íslenskir lerkisveppir
½ box kirsuberjatómatar
1-2 stk. hvítlauksrif pressuð
stærð
½ tsk. chili, má vera minna (má líka setja 1 stk. ferskt rautt chili finsaxað út í)

Byrjið á því að hella rjóma á pönnu ásamt pressuðum hvítlauk og lerkisveppum, best er að mylja lerkisveppina ofan í rjómann. Látið suðuna koma upp, lækkið undir og látið malla í um það bil 10 mínútur. Kreistið einn sítrónubát út í og bætið við chili. Setjið vatn yfir fyrir pastað og bíðið eftir að suða komi



upp. Bætið bláskelinni út í rjómasósuna og látið malla í um það bil 5 mínútur. Smakkið til og athugið hvort meiri sítrónu þurfi eða hvítlauk. Setjið pastað út í vatnið og sjóðið í rétt rúma mínútu. Hellið vatninu af og setjið pastað síðan út í rjómasósuna. Hrærið saman og bætið tótmötum út í. Borið fram með parmesan osti og myljíð hvítan pipar yfir ásamt ferskri steinseljú. ■

Hvað er um að vera í næstu viku?

21. febrúar Þriðjudagur

■ Þjóðsögur á Þriðjudögum kl. 16.15

Ásmundarsafn

Boðið er upp á krassandi þjóðsagnalestur fyrir börn og fjölskyldur þeirra alla þriðjudaga í tengslum við sýninguna Sigga Björg og Ásmundur Sveinsson: Andardráttur á glugga. Hefðbundnar íslenskar þjóðsögur, kryddaðar með glænýjum þjóðsögum eftir Sigu Björgu.



22. febrúar Miðvikudagur

■ Gleym mér ei hádegistón- leikar kl. 12.15

Kjarvalsstöðum

Nemendur í söng og hljóðfæraleik við tónlistardeild Listaháskóla Íslands gleðja gesti og gangandi með ljúfum hádegistónum

■ Myndasögusulta kl. 17.00

Loft Hostel

Íslenska myndasögusamfélagið heldur fyrstu myndasögusultu ársins 2023 á 4. hæð Loft Hostel. Áhugafólki um myndasögur og myndasögugerð er boðið að kíkja við, sýna verk sín og sjá og hafa það notalegt saman.

■ Spunaspilavinir kl. 18.00

Spilavinir

Spunaspilavinir er mánaðarlegur hittingur

hlutverkaspilara þar sem boðið er upp á einþáttingu (e. one shot) sem stýrt er af sumum af bestu dýflissumeisturum landsins. Þátttakendum býðst að skrá sig fyrir fram eða sæta færiss á að mæta og sjá hvort enn þá séu laus sæti. Stjórnendur eru mjög byrjendavænir og hafa gaman af því að leiða nýja spilara inn í áhugamálið.

■ Lindy Ravers danskvöld kl. 19.00

KEX

Prufutími kl. 19, dansball kl. 20. Aðgangseyrir 1.000 krónur, enginn posi.

23. febrúar Fimmtudagur.

■ Grillum Þórhall kl. 21.00

Gaukurinn

Þórhallur Þórhallsson er að verða fertugur og í tilefni þess ætla vinir hans að rakka hann niður opinberlega. Ekki missa af þessu óheflaða uppistandi sem er ekki fyrir viðkvæma.

■ Konudagsblóm

Sú hefð að konur fái blóm í tilefni konudagsins virðist hafa hafist um miðjan sjötta áratug síðustu aldar en þá tóku blómasalar að auglýsa konudagsblóm. Þóður á Sæbóli í Kópavogi mun hafa verið upphafsmaður þess en fyrsta blaðauglýsingin sem hefur fundist frá Félagi garðyrkjubænda og blómaverslana er frá 1957. ■



Konudagurinn er á sunnudaginn

Á sunnudaginn er konudagurinn en það er fyrsti dagur fornorræna mánaðarins góu, sem er sunnudagurinn í átjándu viku vetrar á milli 18. og 24. febrúar. Dagurinn er húsfreyjunni til heiðurs og góu er fagnað, sem færir með sér vaxandi birtu og vorinnanginn og þorinn er kvaddur.

Íslendingar hafa haldið upp á konudaginn í áratugi og er hann einn af þjóðlegum tyllidögum okkar. Þessi hefð er falleg og brýtur upp hversdagsleikann og gefur lífinu lit.

Gleðjum konurnar

Vert er að halda í hefðina og gleðja konurnar í lífi okkar. Hægt er að gera það á margvíslegan hátt, bæði með fallegum gjöfum og upplifunum sem búa til góðar minningar. Til að mynda er fjöldi veitingastaða með girnilegum sælkeratilboði í tilefni konudagsins alla helgina og bjóða fram sælkeramáltíð í tilefni dagsins. Blómasalar eru í essinu sínu og galdra fram hina fegurstu blómvendi.

Bakarar og konditorar leggja sig fram við að baka köku ársins, sem má kalla ástarkökuna í ár, og sælkerabakkelsi sem bráðnar í



Kaka ársins í ár er með karamellu, heslíhnetum og ástaraldinum. Minnir á hækandi só. MYND/MOSFELLSBAKARI

munni. Svo er hægt að taka forskot á bollusæluna og bjóða ástinni upp á ómóttstæðilega bollar. Fjölmargar verslanir og galleri bjóða upp á fallegt handverk, hönnunarvörur, vandaðar flikur og hvað eina sem hugurinn gírnist í tilefni dagsins. Einnig er dásamleg tilfinning að geta komið konunni á óvart með spennandi upplifun, til að mynda óvissuferð út á land, heimsókn í náttúrulaugar, að bjóða henni í nudd og spa, færa henni morgunverð í rúmið með rómantísku ívafi, í ljúffengan dögurð, rómantísku kvöldverð heima eða ferð upp á jökul. Ferð í leikhúsið eða í menningarferð í borg ástarinnar gleður líka, þetta snýst fyrst og fremst um að finna leiðina að hjarta þinnar konu og áhugasviði. Það eru margar leiðir færar til að gleðja og tjá ást sína á einlægan og eftirminnilegan hátt. Hvert og eitt getur gert það með sínu nefi og veit best hvað gleður konurnar í sínu lífi. Vert er að minna á að það má líka gleðja dætur, mæður, systur, ömmur, frænkur og góðar vinkonur! ■

tískan kvöldverð heima eða ferð upp á jökul. Ferð í leikhúsið eða í menningarferð í borg ástarinnar gleður líka, þetta snýst fyrst og fremst um að finna leiðina að hjarta þinnar konu og áhugasviði. Það eru margar leiðir færar til að gleðja og tjá ást sína á einlægan og eftirminnilegan hátt. Hvert og eitt getur gert það með sínu nefi og veit best hvað gleður konurnar í sínu lífi. Vert er að minna á að það má líka gleðja dætur, mæður, systur, ömmur, frænkur og góðar vinkonur! ■

TVÆR VERSLANIR

NEXUS

GLÆSIBÆR & KRINGLAN
s. 552 9011 s. 552 9012

STRANGER THINGS

NÝTT POP! VINYL

VERÐ FRÁ 2.799 KR.

MARVEL

WALT DISNEY

NEXUS.is

VEFVERSLUN MEÐ YFIR 16.000 VÖRUR!

f @



RÓMÓ Á ÞJÓMÓ

Rómantísk leiðsögn klukkan 15:00 - konudaginn 19. febrúar

Rjómabollur að frönskum hætti



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@frettabladid.is

Ólöf Ólafsdóttir konditori er þekkt fyrir sína sælkeræftirrétti sem hafa slegið í gegn á veitingastaðnum Monkeys, fyrir bragð, áferð og útlit. Hún hefir unnið til verðlauna fyrir Eftirrétt ársins árið 2021 en þá kom hún, sá og sigraði með guðdómlegum eftirrétti. Ari síðar var hún skipuð í dómnefndina.

Ástríða Ólafar hefur legið í bakstri og eftirréttagerð frá því hún man eftir sér. Í þættinum Matur og heimili á dögnum galdraði hún fram uppáhaldsbollurnar sínar fyrir áhorfendur og deilir hér uppskriftinni svo allir geti leikið þetta eftir fyrir bolludaginn.

„Ég hef alltaf verið með brennandi áhuga á eftirréttum og kökum. Áhugi minn á bakstri vaknaði þegar ég var lítil. Ég fékk alltaf að undirbúa og baka mínar afmælistertur sjálf og einnig fyrir litlu systur mína,“ segir hún og bætir við: „Þá fékk ég að nýta sköpunargleði mína til fulls og baka allt sem ég vildi. Ef þú spyrð mömmu kæmi í ljós að ég setti allt eldhúsið á hliðina, hveiti og súkkulaði alls staðar, í öllum skúffum, hillum og yfir öllu gólfinu,“ segir hún og hlær.

„Ferillinn byrjaði þegar ég var 17 ára. Þá fékk ég að aðstoða pastry-eldhús en þegar ég steig þar inn í fyrsta skipti vissi ég að þá yrði ekki aftur snúið, þetta var það sem mig langaði til þess að gera. Í kjölfarið flutti ég til Danmerkur og lærði konditorinn og vann námsamninginn minn í bakaríi hérna heima. Stuttu eftir að ég útskrifaðist hóf ég störf á Monkeys sem head pastry chef og fékk að hanna minn eigin eftirréttaseðil. Sérstada mín er aðallega kökur og eftirréttir þótt ég hafi líka brennandi áhuga á croissant- og súrdeigsbrauðgerð.“

Afmælisterta fyrir ömmu

Spurð segir Ólöf að það fyrsta sem hún bakaði alveg sjálf hafi verið afmælisterta fyrir afmæli ömmu sinnar. „Þetta var fyrsta alvöru tertan en ég lærði að búa til minn eigin sykurmassa úr sykurlúðum og fékk að kaupa ballerínu- og fiðrildautstungujárn. Ég get ekki lofað að þessi kaka hafi verið sú



Ólöf hefur alltaf verið með brennandi áhuga á eftirréttum og kökum. Í þættinum Matur og heimili á dögnum bakaði hún og fullkomnaði sínar uppáhaldsbollur í tilefni bolludagsins og deilir hér uppskriftinni með lesendum.



fallegasta eða sú besta á bragðið en hún hitti beint í mark,“ segir hún.

Árið 2021 vann Ólöf til verðlauna fyrir eftirrétt ársins. „Hann varð til þremur dögum fyrir keppni. Ég var búin að æfa mig í tvær vikur fyrir keppnina og komin með eftirrétt sem ég var þó ekki alveg nógu sátt við þannig að ég ákvað að byrja alveg upp á nýtt. Það var ekkert smá stress en skilaði sér. Þemað fyrir keppnina var vegan, ég hafði ekki unnið mikið með það áður en það opnaði augu mín fyrir alls konar skemmtilegum og nýjum aðferðum.“

Verðlaunin voru ekki af lakari taginu og færðu Ólöfu meiri þekkingu og reynslu í faginu. „Í verðlaun fyrir fyrsta sætið var ferð til Chicago í The Chicago Chocolate Academy og fékk ég diplómu í „plated desserts“ eða fullkláraður eftirréttur á disk.“

Einn af uppáhaldsdögum

Bolludagurinn á stóran sess í hjarta Ólafar og tilhlökkunin ávallt mikil. „Einn af uppáhaldsdögum mínum á árinu er bolludagurinn og hef ég haldið ótal mörg bollukaffi. Ég ætla að deila með ykkur minni uppáhaldsbollu en það er hin franska choux au craquelin, það er klassísk vatnsdeigsbolla með kexhjúp en ég bakaði og útbjó fyllingun og toppaði hana eins og mér þykir hún fallegust og best í þættinum Matur og heimili á dögnum.

Bolluna fyllti ég með van-

illurjóna, súkkulaði-ganache og maríneruðum jarðarberjum.

Mitt helsta leynitrix þegar kemur að vatnsdeigsbollubakstri er að opna alls ekki ofninn á meðan bollurnar bakast og passa vel upp á þykktina á deiginu, það má álls ekki vera of þykkt og alls ekki of þunn.“

Choux au craquelin með jarðarberjum og vanillu

Kexdeig
100 g hveiti
100 g sykurlúður
100 g mjúkt smjör

Blandið öllu saman í deig, rúllið deiginu út á milli tveggja bökkunar-pappirsarka og setjið inn í kæli.

Vatnsdeig
100 g mjólk
100 g vatn
100 g smjör
Smá salt
100 g hveiti
3 egg

Hitið mjólk, vatn og smjör að suðu. Bætið hveitinu og saltinu út í og hrærið vel saman með sleikju. Ristið deigið í pottinum í u.þ.b. mínútu. Setjið deigið í skál og leyfið því að kólna, hrærið saman við það eitt egg í einu og passið að fylgjast með þykktinni á deiginu. Egg geta verið mismunandi að stærð og

Ólöf töfraði fram hina frönsku choux au craquelin, það er klassísk vatnsdeigsbolla með kexhjúp. Bolluna fyllti hún með vanillurjóna, súkkulaði-ganache og maríneruðum jarðarberjum. Þvílík feegurð.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Ólöf kenndi réttu handtökin í þættinum Mat og heimili á Hringbraut.

stundum þarf ekki að nota þau öll, deigið á að vera þykkt og renna frekar hægt af sleikjunni eða svo að það haldi sér í nokkurn veginn sömu lögun.

Setjið deigið í sprautupoka og sprautið bollunum á bökkunarplötu klædda smjörpappír. Takið kexdeigið úr kælinum, stingið út hringi sem eru örlítið stærri en deigbollan.

Leggið kexið ofan á bolluna og bakið í 175 °C heitum ofni í u.þ.b. 25-30 mínútur eða þar til að bollurnar eru orðnar gullinbrúnar. Passið að opna ofninn ekki meðan á bakstrinum stendur því þá er hætta á að bollurnar falli.

Súkkulaði-ganache

200 g rjómasúkkulaði
100 g rjómi

Setjið súkkulaðið og rjómann saman í skál og hitið í örbylgjuofni í 20 sekúndur í einu þangað til að súkkulaðið er bráðið.

Maríneruð jarðarber

200 g jarðarber skorin í teninga
Rifinn borkur af einni sitrónu
1 tsk. sykurlúður

Öllu blandað saman í skál.

Vanillurjóni

500 g rjómi
50 g flórsykurlúður
Fræ úr einni vanillustöng

Allt sett saman í skál, síðan er þetta þeytt þar til að rjóminn er léttþeyttur.

Samsetning

Skerið bollurnar þversum í tvennt, sprautið rjómann á og setjið jarðarberin ásamt súkkulaði-ganache í miðjuna.

Setjið lokið ofan á bolluna og skreytið að vild. Ég skreytti mínar með rjóma, jarðarberjum og blómum. ■



Íslenskt

Léttari liðir

Undraefni fyrir liði brjósk og bein
Einstök virkni sæbjúgnaextrakts úr íslensku hafi

partur af lífinu



VERNDAR LIÐI, BEIN OG BRJÓSK

120 hluti

NORDIC NUTRITION PROTIS

Fæst í helstu matvöruverslunum, apótekum og á www.protis.is

Mundu eftir þér á hverjum degi!

Brosandi með burnirót

Náttúruleg & kröftug
blanda fyrir aukna orku
& hamingju

Íslensk burnirót
með einstaka virkni



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Tilkynningar

Einkamál

57 ára kk óskar eftir að kynna góðri konu sem er jákvæð og heiðarleg. Sími 894 8655 eða gullii@simnet.is

Vegggháfar fyrir veitingahús

Vegggháfar fyrir stóreldhús og veitingahús í mörgum stærðum.

TIL Á LAGER



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirief.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur
Draghálsi 4
Sími: 535 1300
verslun@verslun.is

ráðum
ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita að þér?



Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur



Verkfæralagerinn


Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16



MERKISATBURÐIR

- 1510** Portúgalski aðmirállinn Afonso frá Albuquerque vinnur borgina Góu á sitt band, átakalítið.
- 1867** Fyrsta skipið siglir í gegnum Súesskurðinn í Egyptalandi.
- 1880** Alexander annar Rússakeisari kemst lifandi frá banatilræði.
- 1904** Madame Butterfly er frumsýnd í fyrsta sinn í óperuhúsinu La Scala í Milanó.
- 1924** Johnny Weissmuller setur heimsmet í 100 metra sundi með frjalsri aðferð og syndir vegalengdina á 57,4 sekúndum í Miami í Flórídariki.
- 1933** Fyrsta tölublað tímaritsins Newsweek kemur fyrir augu lesenda.
- 1963** Körfuboltaþagoðsögnin Michael Jordan fæðist.
- 1969** Ísraelinn Golda Meir sver embættiseið sem forsætisráðherra Ísraels. Hún er fyrsta konan til að gegna því embætti.
- 1975** AC/DC gefa út sína fyrstu plötu, High Voltage.
- 1981** Bandaríska leikkonan Paris Hilton fædd.
- 1996** Garry Kasparov vinnur ofurskákttölvuna Deep Blue með fjórum vinningum gegn tveimur.
- 2008** Kósóvó lýsir yfir sjálfstæði.



Garðskagaviti eldri var tekinn úr notkun eftir slysið þegar ákveðið var að hann væri of lágur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Áttatíu ár frá Þormóðsslysinu

Áttatíu ár eru liðin frá því að 31 lét lífið þegar skipið Þormóður fórst við Garðskaga í fávíðri með öllum um borð, 31 talsins. Bildaellingurinn Jakob Ágúst Hjálmarsson gerði grein fyrir slysinu í bók sinni Allt þetta fólk – Þormóðsslysið 18. febrúar 1943, sem gefin var út 2017.

arnartomas@frettabladid.is

Á morgun verða liðin áttatíu ár frá einu mannskæðasta sjóslysi Íslandssögunnar þegar vélskipið Þormóður fórst við Garðskaga í fávíðri með öllum um borð, 31 talsins. Bildaellingurinn Jakob Ágúst Hjálmarsson gerði grein fyrir slysinu í bók sinni Allt þetta fólk – Þormóðsslysið 18. febrúar 1943, sem gefin var út 2017.

„Ég var nú allan tímann að vona að einhver annar tæki sér þetta fyrir hendur. Þegar ég sá að það myndi ekki verða, og ég hafði dregið heimikið efni saman um málið, þá ákvað ég að gera þetta sjálfur enda hafði ég ágætt tóm til þess verandi nýhættur störfum,“ segir Jakob. „Við fólk, eftirlifendur og afkomendur, höfðum alla ævina saknað þess að geta ekki talað um þetta við foreldra okkar. Þetta var svo sárt fyrir þeim að þau fóru bara að gráta þegar þau ætluðu að tala um þetta. Þá lærði maður að þetta varð að liggja í þagnargildi en það er ómögulegt til lengdar þegar um svo stóran atburð er að ræða.“

Dýrkeyptar seinkanir

Þormóðsslysið átti sér stað á stríðsárunum þegar engar skipafréttir voru fluttar eða gefnar út áætlanir um siglingu farþegaskipa. Þá var orðið heldur langt síðan að ferð hafði fallið frá Bildudal og suður.

„Það voru sjómenn sem þurftu að komast til skipa sinna í Reykjavík, stúlkur sem þurftu að komast í vistir, forráðamenn fyrirtækja að ganga frá sínum málum fyrir sunnan og fleira,“ segir Jakob. „Það hafði byggst upp mikil óþolinmæði eftir því að komast svo það var gert að ráði að koma við með Þormóð á Bildudal en hann var í flutningum á kjöti úr Húnavatnssýslu fyrir herinn.“



Þormóður hélt merkilega lengi út í fávíðrinu miðað við getu skipsins.



Þetta var feikileg blóðtaka.

Veður var gott þegar Þormóður kom inn á Bildudal en skipstjórnin sá fyrir sér að hann kæmist suður á fjórtán tímum eða svo. En þá var tekið upp á því að skipið myndi koma við á Patreksfirði þar sem biða þurfti í nokkurn tíma eftir farþegum. Þormóði hafði þá seinkað þó nokkuð og veðrið fór versnandi.

„Hafa þarf í huga að það voru ekki gefnar úr neinar veðurfregnir heldur. Þegar Þormóður álpast út fyrir Öndverðarnes og út í Faxaflóa var veðrið orðið snarvitlaust,“ segir Jakob. „Vindáttin var þannig að hann varð að halda upp í vestanáttina og ætlaði sér greinilega að koma inn að Keflavík.“

Skipið lenti út fyrir Garðskagann þar sem staðkenning fékkst fyrst þegar sást í Stafnesvita. Þormóður fór að taka inn sjó, það dó á vélinni og svo barðist hann

yfir Garðskagaflösinu áður en hann sókk.

Langur skuggi

Eftirmál slyssins voru mikil.

„Þetta var rætt á Alþingi þar sem Gísli Jónsson, eigandi skipsins og alþingismaður, hvatti til þess að rannsakað yrði sem best hvernig þetta bar allt saman til,“ segir Jakob en í kjölfarið fylgdi mikill pólitískur stormur. „Þetta átti sér stað á tíma mikilla skiptapa vegna Englands siglinganna þannig að mönnum var mikið í mun að reyna að tryggja svona hluti.“

Meðal þess sem Gísli benti á var að vitinn á Garðskaga hafi verið allt of lítill enda var nýr viti reistur 1944. Menn lágu lengi á skýrslu Þjóðdómsins um málið og segir Jakob að greinilegt hafi verið að í gangi hafi verið einhverjar yfirhyllingar svo ekki var auðvelt að átta sig á hver gangur mála hafi verið. Áhrif slyssins voru þó mest á Bildudal sem varð fyrir mestum mannskaðanum.

„Þetta slys varpaði löngum skugga, og í þessum skugga vorum við sem ung börn og unglingar og auðvitað foreldrar okkar líka. Þetta var feikileg blóðtaka.“ ■



Móðir okkar, amma og langamma,
Magnea Rósa Tómasdóttir

lyfjafræðingur,
Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,

lést á Minni-Grund í Reykjavík
sunnudaginn 5. febrúar. Útför fer fram frá
Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 24. febrúar kl. 13.00

Sigríður Erla Gunnarsdóttir
Áslaug María Gunnarsdóttir
Darri Gunnarsson

Ívar Karl, Ægir Sindri, Óðinn Dagur, Iða Brá, Harpa Lind,
Gunnar Dagur, Rósa Líf, Hilda Sól, Gottskálf Darri
og fjölskyldur



Ástkær eiginmaður og besti vinur minn, faðir okkar og tengdafaðir, afi og langafi,
Heinz Herbert Steimann

Lómasölum 4, Kópavogi,

lést á deild 4B á Landspítalanum
í Fossvogi 5. febrúar.

Útför fór fram 16. febrúar í kyrrþey frá Fríkirkjunni
í Reykjavík. Innilegar þakkir færur við læknum og
starfsfólkinu á deild 4B, fyrir hlýju og
yndislega umönnun.

Erla Helena Ísaksen

Guðrún Alma Steimann Carlis Wallace
Jóhann Viktor Steimann Margrét Halldórsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Margrét Stefánsdóttir

Hvassaleiti 56,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí
þriðjudaginn 14. febrúar. Útför hennar
verður auglýst síðar.

Stefán Bergsson
Tómas Bergsson
Bergljót Bergsdóttir
Birna H. Bergsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Jenný G. Magnúsdóttir
Nína V. Magnúsdóttir
Ólafur N. Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Guðrún Ormsdóttir

kennari,
áður til heimilis á Hvolsvelli,

lést á hjúkrunarheimilinu
Brákarhlíð mánudaginn 13. febrúar.
Útför hennar verður frá Áskirkju í Reykjavík þriðjudaginn
21. febrúar kl. 11.00.

Kristín Helga Gísladóttir
Ásgeir Gíslason
Jóhanna Lovísa Gísladóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Magnús Einar Magnússon
Hafdis Hulda Friðriksdóttir
Valgeir Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.



5 ára afmæli frettabladid.is

Þessa dagana fögnum við fimm ára afmæli fréttavefs okkar.

Við þökkum lesendum kærlega fyrir lesturinn og hlökkum til að halda áfram að þjónusta ykkur í framtíðinni.

Bara í dag getur þú fundið afmælisblöðru í frétt á frettabladid.is. Ef þú rekst á blöðruna getur þú skráð það inn á www.frettabladid.is/lifid/afmaeli og unnið dróna frá Dronefly.



Skannaðu kóðann

DRONEFLY
VERSLUN, VERKSTÆÐI, NÁMSKEIÐ & LEIGA

Sjónarspil syndaselanna

LEIKHÚS

Chicago

John Kander, Fred Ebb og Bob Fosse

Leikfélag Akureyrar - Samkomuhúsið

Leikstjóri: Marta Nordal

Þýðing: Gísli Rúnar Jónsson

Leikarar: Jóhanna Guðrún, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Margrét Eir, Björgin Franz Gíslason, Arnþór Þórsteinnsson, Bjartmar Þórðarson, Jónína Björt Gunnarsdóttir, Ahd Tamimi, Elma Rún Kristinsdóttir, Kata Vignisdóttir, Anita Rós Þórsteinsdóttir og Molly Carol Birna Mitchell

Tónlistarstjóri: Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Hljómsveitarstjóri: Vignir Þór Stefánsson

Danshöfundur: Lee Proud

Leikmynd: Eva Signý Berger

Búningar: Björg Marta Gunnarsdóttir

Leikgervi: Harpa Birgisdóttir

Ljósahönnuður: Ólafur Ágúst Stefánsson

Hljóðhönnuður: Sigurvald Ívar Helgason

Sigríður Jónsdóttir

Söngleikurinn Chicago var frumsýndur fyrir tæplega fimmtíu árum á Broadway. Listamennirnir John Kander, Fred Ebb og Bob Foss fengu innblástur frá glæpabylgju sem skók Chicago á þriðja áratugnum og fjölmiðlafarið sem fylgdi í kjölfarið. Aftur á móti voru það leikkonurnar og dansararnir Gwen Verdon, mótörinn á bak við tjöldin, og Chita Rivera sem lyftu sýningunni upp á goðsagnakennt plan. Leikfélag Akureyrar sýnir Chicago í leikstjórn Mörtu Nordal um þessar mundir og miðarnir fjúka út. Stóra spurningin er, bæði í söngleiknum og sýningunni: Gengur sjónarspilið upp?

Mergjaður hljóðheimur


Chicago er kabarettverk að upplagi. Samansafn af vaudeville atriðum með góðum dass af framandgervingu, samspil smedju og siðblindu í hörðum heimi réttlætis og skemmtanabransans. Fyrst verður að nefna tónlistina, flutningur hennar er lykilstíla í hverri uppsetningu á Chicago. Tónlistarstjórinn Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson og hljómveitarstjórinn Vignir Þór Stefánsson svoléiðis skella öllu í gang og skila af sér mergjuðum hljóðheim, stútfullur af stemningu og fluttur af frábæri hljómveit.

Þýðing hins óviðjafnanlega Gísla Rúnar Jónssonar var endurskoðuð fyrir sýninguna, ekki er gefið til kynna hver sinnir því verki. Gísli Rúnar var einn af bestu söngleikjaþýðendum þjóðarinnar og textinn ljómar á köflum. En sumar breytingarnar eru ekki nægilega góðar. Synd er að breyta „Hver segir að morð sé ekki list?“ í „Menn segja að morð sé engin snilld“. Finna má fleiri misjafnar breytingar, sem við komum að síðar.

Þórdís stelar senunni

Leikkonan Þórdís Björk Þorfinnsdóttir fann fjölinna norðan heiða. Eftir útskrift úr Listaháskólanum fékk hún tækifæri hjá Leikfélagi Akureyrar og sólundadi því ekki. Hún vex með hverri sýningu og stelar senunni í hlutverki Roxý. Uppmálað sakleysi á tilætlunarsama frekjudós, nöska á tímasetningar og laglega söngródd. Danssporin krydda síðan herlegheitin. Aðalnúmer Roxý, nefnt eftir henni sjálfri, er einn af hápunktum kvöldsins. Fyndið, sódalegt og seiðandi í senn.

Andstæðingur og fyrirmynd Roxý er Velma, fangi með framadrauma, leikin af Jóhönnu Guðrúnu. Velma er smærra hlutverk en fólk gerir sér



Þórdís Björk stelar senunni í hlutverki Roxý og er aðalnúmer hennar einn af hápunktum kvöldsins.

MYND/AUÐUNN NIELSSON



Söngleikurinn Chicago í uppsetningu Menningarfélags Akureyrar er mikið sjónarspil en þó sundurslitin skemmtun að mati gagnrýnanda.

grein fyrir og því mikilvægt að nota hverja línu til að gera Velmu breiða, en allt kemur fyrir ekki. Söngróddina hefur Jóhanna Guðrún svo sannarlega en hlutverkið krefst meira. Eitt þekktasta lag Chicago er Get ekki gert það alein, þar sem Velma dansar dúó. Lagið er hér sungið af Velmu og tveir dansarar dansa á móti henni, þar með er allur kraftur úr númerinu.

Áll í flottum jakkafötum

Billy Flynn, hrl., er með allt á hreinu og hikar ekki við að beita öllum bellibrögðunum í bókinni til að heilla kvíðómendur, blaðafólk og áhorfendur. Björgvin Franz Gíslason er ekki síðri. Fleðulegur all í flottum jakkafötum. Stóru númerin hans þrjú eru lyftistöng fyrir sýninguna í heild sem endar með stórahvellnum Hissa og rasandi. Margrét Eir er

sömuleiðis með á nótnum, enda söngleikjamenntuð. Fangelsskýran Mama Morton er seiðandi tækiferissinni og veit að sex selur best. Þess vegna eru vonbrigði að Mundu eftir mómmu tynist í þýðingu en Margrét Eir bætir það upp í Elegans. Blaðakonan Marta smarta er smurólian sem keyrir áfram og kyndir undir fjölmiðlafárinu. Bjartmar Þórðarson fer skemmtilega með hlutverkið



Arnþór spilar sínum spilum vel og glansar í sínu stóra lagi, Sellófan.

en yfirleitt er því haldið leyndu að karakterinn er leikinn af karlmanni. Arnþór Þórsteinnsson kætir í hlutverki Adams, lina eiginmanni Roxý. Svo fyrirferðarlítill að hann sést varla og enginn man hvað hann heitir. Arnþór spilar sínum spilum vel og glansar í sínu stóra lagi, Sellófan, en mætti dýpka túlkunina með meiri harmi. Einnig virkar lagið betur sem Hr. Sellófan en ekki Sellófan. Erfitt er að greina í leikskránni hvaða dansarar leika morðkvendin. Fangatangó lifnar við í þeirra túlkun þannig að rífur í en söngur þeirrar saklausu er stytur töluvert sem verður til þess að skelfileg örlög hennar tapast undir lokin.

Hvissar frekar en springur

Leikstjóri er Marta Nordal og hefur henni farist stjórn Leikfélags Akureyrar vel úr hendi. Chicago er risastórt verkefni og ýmislegt leysir hún vel með litlum leikhóp. Samkomuhúsið er nýtt til hins ýtrasta, baksvið og svalir. Fjarlægð er þó í sýningunni, sem hefur ekkert með framandgervingu að gera. Chicago tapar líka kraftinum eftir hlé en hápunkturinn er Hissa og rasandi þegar allt smellur. Vonbrigðin eru Klukkan 11 númerið eða 11 O'Clock Number, skilgreint sem síðasta lagið í söngleik sem á að trylla lýðinn. Nú til dags og Mega-gellu ragtime er eitt frægasta lokalag söngleikjasögunnar en hvissar frekar en springur hér.

Sundurslitin skemmtun

Eva Signý Berger finnur ótrúlegustu lausnir til að stækka smátt sviðið: Stigapallar á hjólum, fangelsisrimlar úr loftinu og flöt sirkusleikmynd í anda vaudeville. Allt þetta og meira á meðan heil hljómveit situr á sviðinu. Ólafur Ágúst Stefánsson fremur ljósagaldur, skuggar og sviðsljós sindrandi. Síðastliðin ár hefur Lee Proud verið einn afkastamesti danshöfundur landsins. Hann þekkir vel til Fossestílsins og skilur að í Chicago dugar persónuleikinn og kynorka oftar betur en flókin dansspor. Við gripum byssu bæði í senn er laglega leyst, fullt af fjöri, og Fangatangó sömuleiðis. Aftur á móti er búningahönnun Björgu Mörtu Gunnarsdóttur misgóð og stundum frekar samtíningsleg. Búningarnir eru þó djarfir í anda verksins og Adam einkar vel samansettur. Hárkollurnar sem Velma og Roxý bera er leikgervadeildinni ekki til framdráttar, reytingslegar og ósannfærandi.

Frægðin er fallvölt og hefur alltaf verið. Samspilið á milli listarinnar að koma sér á framfæri og að halda athygli almennings er ekki auðfengið. Að sama skapi er snúið að feta leiðina að Chicago, söngleik sem treystir á seiðandi tónlistina og stellingar frekar en söguþráð. Af þeim ástæðum veltur mikið á Roxý og Velmu til að láta allt ganga upp. Í heildina er Chicago hin ágætasta skemmtun en sundurslitin. ■

NIDURSTAÐA: Sjónarspilið er oft sannfærandi en ekki fullnægjandi.



Eydis Evensen stimplaði sig rækilega inn í fremstu röð nýklassískra tónskálda með Byr 2021 en tónlistinni á þeirri plötu hefur verið streymt 40 milljón sinnum hingað til.

MYND/SAGA SIG

Eydis Evensen stefnir í ljósið með Byr að baki

Tónlistarkonan Eydis Evensen gaf í dag tóninn fyrir það sem koma skal á plötunni Light í maí með laginu Tephra Horizon ásamt tónlistarmyndbandi sem var tekið upp við Fagradalsfjall enda samdi hún lagið innblásin af eldgosinu þar í allri sinni fegurð og yfirvofandi eyðingarmætti.

thorarinn@frettabladid.is

Tónskáldið, píanóleikarinn og fyrirsætan fyrirverandi Eydis Helena Evensen vakti mikla og verðskuldaða athygli með nýklassískum tónum sínum á breiðskífurni Bylur sem kom út 2021.

Þeirri vel heppnuðu frumraun ætlar hún að fylgja eftir með plötunni The Light sem kemur út í lok maí hjá SONY undir merkjum XXIM Records en gefur í dag tóninn fyrir það sem koma skal með útgáfu lagsins og tónlistarmyndbandsins Tephra Horizon.

Eydis samdi lagið innblásin af eldgosinu í Fagradalsfjalli 2021 og því hvernig eitt eldgos hefur varanleg áhrif á landslagið. Mögnuð áhrif gossins fundu sér ekki aðeins farveg í tónlist Eydisar, þar sem hún gerði einnig tónlistarmyndband við það ásamt kærastanum sínum, Einari Egilssyni, kvikmyndagerðarmanni og leikstjóra.

„Myndverkið er í raun innblásið af eldgosinu sem við fengum að kynnast mjög vel,“ segir hún en í myndbandinu heimsækir parið gosstöðvarnar á ný og hún stigur dans í því breytta landslagi sem gosið mótaði.

Persónuleg við píanóið

Eydis segir nýju plötuna að einhverju leyti persónulegri en þá fyrri án þess þó að hún vilji gefa of mikið upp annað en að undirliggjandi



þemun á The Light séu tvö. Annars vegar hugleiðingar um þau mótandi áhrif sem harðgert íslenskt landslagið hafi mótað persónu hennar og hins vegar persónuleg tjáning á von um að það sé að birta til eftir erfiða tíma.

„Píanóið hefur eiginlega alltaf verið minn besti vinur,“ segir Eydis um hljóðfærið sem hefur verið fastur punktur í tilveru hennar allar götur síðan hún var barn á Blönduósi þar sem hún ólst upp og fann samhljóm með landslaginu fyrir norðan.

„Ég bjó erlendis og starfaði sem fyrirsæta í sjö ár og kom stundum til nýrra borga þar sem ég þekkti engan, þá þekkti ég alltaf píanóið þannig að í hverri borg varð ég alltaf að finna mér hljóðfæri til að spila og núllstillta.

Hún á þannig ákveðið athvarf við píanóið þar sem hún gengur að ákveðinni hugarró vísri og þar varð The Light til eftir umbrotatíma, léttis og lausnar, í lífi hennar.

Önnur breiðskífa Eydisar Evensen kemur út í lok maí en fyrsta lagið streymir sem hraunfljót fram í dag ásamt myndbandi.

MYND/ABSEND

Ljósið í myrkrinu

„Flest verkin eru sprottin af einhverri tilfinningu og upplifun þannig að þetta er í raun ferðalag í gegnum miklar tilfinningar þar sem eru bæði mjög dimmir staðir og aðrir mjög rólegir og fallegir,“ segir Eydis og kemur að Resolution, tólfta og síðasta verki plötunnar þar sem allar þessar tilfinningar leysast upp í ljósinu í titlinum.

„Platan heitir The Light og vonandi getur hlustandinn einhvern veginn fundið tengingu og við getum öll séð ljósið í þessu öllu saman. Vegna þess að öll höfum við upplifað erfiðleika,“ segir Eydis og nefnir nærtæka og sameiginlega upplifun heimsbyggðarinnar í ástandi undanfarinna þriggja ára.

Upphafið á Airwaves

Eydis segir tónlistina hafa verið dálítið á hliðarlínunni á meðan hún var á þeytingu um heiminn sem fyrirsæta. Hún hafi þó verið ákveðin í því að hasla sér völl í tónlistinni að píanónáminu loknu. „Ég vissi bara aldrei hvernig ég ætlaði að gera það.“

Lausnin birtist henni síðan eiginlega um leið og hún þreytti frumraun sína á sviði á Airwaves 2018 þar sem sá fyrsti sem kom að máli við hana þegar hún steig af sviðinu var útsendari SONY.

„Hann rétti mér nafnspjaldið sitt og sagði mér að vera í sambandi. Þarna var ég enn að módelast úti í New York og hugsaði bara: Ókei, ég get kannski farið að snúa mér að öðrum málum,“ segir Eydis og hlær. Nánast sléttu ári síðar, í nóvember 2019, var hún komin með ásættanlegan samning og allt að gerast þegar heimsfaraldurinn skall á.

Blessun í bölvuðu ástandi

„Það var svo sannarlega áskorun. Ég bjó enn þá úti í New York og var í öðru sambandi þegar Covid kemur.“

Hún kláraði því fyrstu plötuna sína eiginlega heima hjá sér enda ástandið í borginni með versta móti. „Ástandið í New York var virkilega slæmt og bara mjög ógnvekjandi,“ segir Eydis sem létti mjög við að flytja loks heim til Íslands í lok maí 2020 og kláraði Byr.

„Ástandið var svo miklu betra á Íslandi en í Bandaríkjunum og við náðum að taka allt upp,“ segir Eydis, sem missi aldrei sjónar á verkefninu þótt aðrar áætlanir hennar og umboðsmannsins hafi tekið óhjákvæmilegum breytingum.

„En það var eitthvað það besta sem gat komið fyrir mig að flytja heim og fá að taka plötuna upp hægt og rólega. Það var líka ákveðin blessun að fá að gera þetta bara hérna með Einari sem var nýorðinn kærastinn minn. Þannig að þrátt fyrir að heimsástandið hafi verið erfitt þá einhvern veginn hjálpaði þetta mér líka einhvern veginn að finna réttan farveg.“

Byrjar á Íslandi

The Light kemur út 26. maí og strax 2. júní byrjar hún sitt fyrsta tónleikaferðalag í París þaðan sem hún mun fara vítt og breitt um Evrópu. „Ég er virkilega spenn,“ segir Eydis um viðburðaríkt árið fram undan því enn er ekki allt upp talið og fleira á eftir að koma í ljós sem hún hyggst gera 2023.

En fyrst af öllu ætlar Eydis að leika á píanóið á Íslandi á tónleikum í Hannesarholti. „Þetta verða fyrstu tónleikarnir mínir á Íslandi og ég hef aldrei spilað í Hannesarholti áður,“ segir Eydis sem ætlar að leika verk af fyrstu plötunni og að sjálfsögðu verkið sem kom út í dag. Hún gerist hins vegar mjög dulurfull og gefur lítið upp þegar spurt er hvort fleiri verk af The Light muni fá þar að hljóma. ■



Þetta er í raun ferðalag í gegnum miklar tilfinningar þar sem eru bæði mjög dimmir staðir og aðrir mjög rólegir og fallegir.

PAUL
RUDD

EVANGELINE
LILLY

JONATHAN
MAJORS

KATHRYN
NEWTON

BILL
MURRAY

WITH
MICHELLE
PFEIFFER

AND
MICHAEL
DOUGLAS



MARVEL STUDIOS

ANT-MAN AND THE WASP

QUANTUMANIA

WITNESS THE BEGINNING OF A NEW DYNASTY

KOMIN Í BÍÓ

Lífið lifir í tónlist Jóhanns við ljóð Sigurbjörns



Þórarinn
Þórarinnsson
thorarin
@frettabladid.is

Tónlist Jóhanns Helgasonar við ljóð Sigurbjörns Þorkelssonar verða í forgrunni í guðsþjónustu sunnudagsins í Bústaðakirkju þar sem Jóhann mun leika á gítar og syngja ásamt Páli Rósinkranz og Regínu Ósk. Sigurbjörn sjálfur mun hins vegar predika og leggja út af orðum Lifi lífið sem hafa honum löngum verið afar hugleikin.

Trúarstef eru ríkur þáttur í fjölda ljóða Sigurbjörns Þorkelssonar, rit höfundar og ljóðskálds. Tónlistar maðurinn Jóhann Helgason samdi lög við nokkur þeirra sem komu út á geisladiski í fyrra undir því sem kalla má slagorð Sigurbjörns, Lifi lífið.

Lögin við ljóðin verða í forgrunni sunnudagsmessunnar í Bústaðakirkju um helgina þar sem Jóhann ætlar að spila á gítar og syngja. Sigurbjörn mun hins vegar predika og að sjálfsgöðu leggja út af fyrirskriftinni Lifi lífið.

„Já, ég reyni að mala þarna eitt hvað, eða predika,“ segir Sigurbjörn. „Lifi lífið er svona mitt slagorð til áratuga og hefur fylgt mér frá unga aldri. Og bara reynst mér vel og komið sér vel því ég hef nú verið að glíma við erfitt krabbamein. Þannig að já, ég mun leggja út af þeim. Að sjálfsgöðu.“

Dottið um bækur

Jóhann lætur síðan til sín taka með söng og gítarleik þegar hann flytur lög sín við ljóð Sigurbjörns ásamt þeim Páli Rósinkranz og Regínu Ósk og einvala liði tónlistarfólks.

„Það var sennilega í desember 2020 í desember sem ég sá auglýsingu frá Tónmenntasjóði kirkjunnar um styrki til að semja tónlist og annað efni sem ætti heima í kirkjulegu starfi,“ segir Jóhann um hvað varð til þess að hann byrjaði að semja lög við ljóð Sigurbjörns.

Hann hafi ákveðið að sækja um en rak sig fljótt á að lítið var til af efni til þess að semja fyrir. „Þá mundi ég eftir að hafa séð greinar eftir Sigurbjörn og að hann hefði gefið út svona bækur og náði í þær á bókasafni.“

Jóhann segist fljótlega hafa verið kominn með tvö til þrjú lög og hafi þá hringt í Sigurbjörn til þess að láta hann vita af þessu og honum fannst þetta bara mjög jákvætt framtak,“ segir Jóhann.

„Hann hafði dottið um þessar bækur, ef svo má segja, á Bókasafni Seltjarnarness og hringdi í mig og sagðist vera búinn að gera tvö lög við tvö ljóða minna og langaði að leyfa mér að heyra þau,“ segir Sigurbjörn.



Jóhann datt, ef svo má segja, um bækur Sigurbjörns og upp spruttu lög við trúarljóð. MYND/ADSEND



Páll Rósinkranz söng á hljómdiskinum og gerir það einnig í kirkjunni.



En ég hef fulla trú á að þetta geti orðið einhverjum til blessunar, Guði til dýrðar, og þá er nú tilganginum náð.

Sigurbjörn Þorkelsson



Sigga Guðna söng á disknum en er nú fjarri trúarlegu gamni.

Engin læti

„Þetta voru þessi finu lög, fannst mér, og spurði hvort hann vildi gera fleiri og langaði að gefa út disk. Sem varð að veruleika og hann kom út á sumardaginn fyrsta í fyrra,“ segir Sigurbjörn um hljómdiskinn Lifi lífið.

„Ég fékk nú ekki styrkinn en var þá kominn með ein sjö lög,“ segir Jóhann sem fékk þá Pál Rósinkranz, Regínu Ósk og Sigríði Guðnadóttur til þess að syngja lögin með sér á disknum.

„Ég er mjög sáttur við þennan disk og mjög ánægður og fólk sem hlustar á hann virðist vera það líka,“ segir Sigurbjörn. „Hann hefur nú ekkert farið neitt sérstaklega hátt og engin læti verið í kringum þetta.“

Sigurbjörn segir þó eitthvað um að lögin séu flutt í kirkjum og eitthvað hafi heyrst af disknum í



Regína Ósk syngur með Jóhanni.



Ég renndi blint í sjóinn með þetta enda ekki beint eitthvað sem maður var búinn að plana.

Jóhann Helgason

útvarpi. „En ég hef fulla trú á að þetta geti orðið einhverjum til blessunar, Guði til dýrðar, og þá er nú tilganginum náð.“

Blint í sjóinn

Jóhann bendir á að núorðið sé orðið erfitt að gefa út með gamla laginu sem honum finnst þó mun skemmtilegra. „Það er gaman að geta sett þetta í fast form. Ég renndi blint í sjóinn með þetta enda ekki beint eitthvað sem maður var búinn að plana að gera,“ segir Jóhann um útgáfuna.

„En allt gerðist þetta svona einhvern veginn út af þessari auglýsingu og vatt upp á sig og ég var bara virkilega ánægður með útkomuna. Það kom mér verulega á óvart hvernig þetta einhvern veginn féll allt vel saman.“

Messan í Bústaðakirkju hefst klukkan 13 á sunnudaginn þar sem Sigurbjörn mun, sem fyrr segir, predika og séra Þorvaldur Víðisson þjónar fyrir altari. Regína Ósk og Páll Rósinkranz syngja síðan með Jóhanni ásamt Kammerkór Bústaðakirkju.

Jóhann leikur einnig á gítar en Matthías Stefánsson á fiðlu og Bjarni Sveinbjörnsson á bassa og Jónas Þórir, kantor Bústaðakirkju, leikur á píanó og hammond-orgel. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Í HELGARBLAÐINU

Er að ná tókum á kvíðanum

Þróstur Leó Gunnarsson er einn ástælasti leikari þjóðarinnar. Hann er alinn upp á Bíldudal og fór ungur til sjós. Þróstur hefur glímt við mikinn kvíða eftir sjóslys sem hann lenti í árið 2015 en í slysinu trúði hann því að hann myndi deyja. Þróstur hefur síðan þá lært að ná ákveðnum tókum á kvíðanum og segir í einlægu viðtali við Helgarblað Fréttablaðsins frá áföllum, æskunni og leiklistarferlinum.



Forvitnin ákveðin forréttindi

Nafn Pedro Gunnlaugs Garcia var ekki á almennu vitorði þegar hann vann til Íslensku bókmenntaverðlaunanna á dögum. Hann segist mikið spurður út í upprunann, svo mjög að hann hafi fengið svoltið nóg af því, þó geti hann ekki grátið sárt enda séu það forréttindi að fólk sé forvitið um hann.



Langar að bæta brúðkaupsbransann

Alina Vilhjálmstöð, ein fárra brúðkaupsskipuleggjenda landsins, segir segir æ fleiri tilbúna til að greiða fyrir aðstoð við brúðkaupsundirbúninginn og þannig minnka þá streitu sem getur fylgt stóra deginum.

100% SKEMMTUN - 100% FJÖR - 100% ÆVINTÝRI

100% ULFUR



KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS  BÍÓ SMÁRA  BÍÓ HÁSKÓLA  BÍÓ
BARA LÚXUS

Rafbílasýning Kia.

Á morgun frá 12-16 á Krókhálsi 13.



EV6

Afborgun á mánuði:

63.877 kr.¹


Staðgreiðsluverð 7.990.777 kr.


Það verður rafmögnuð stemning um helgina þar sem við sýnum glæsilegt úrval raf- og tengiltvinnbíla frá Kia sem eru tilbúnir til afhendingar.

15% afsláttur af þverbogum, skíða- og hjólafestingum og skottmottum á meðan sýningu stendur.


Leyfðu tækninni að hreyfa við þér og sjáumst á morgun.

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

 Fylgdu okkur á Instagram.
[instagram.com/kiaisland](https://www.instagram.com/kiaisland)

 Fylgdu okkur á Facebook.
[facebook.com/kiamotorsisland](https://www.facebook.com/kiamotorsisland)

1) Upphæð miðar við 50% fjármögnunarhlutfall til 84 mánaða með 8,75% vöxtum. Heildargreiðsla: 9.370.215 kr. Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,20%
2) Upphæð miðar við 50% fjármögnunarhlutfall til 84 mánaða með 8,75% vöxtum. Heildargreiðsla: 8.200.641 kr. Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,21%



Niro EV

Afborgun á mánuði:

55.877 kr.²

Staðgreiðsluverð 6.990.777 kr.

Sportage

Afborgun á mánuði:

64.877 kr.³

Staðgreiðsluverð 7.990.777 kr.

Xceed

Afborgun á mánuði:

52.877 kr.⁴

Staðgreiðsluverð 6.490.777 kr.

Keyrðu inn í árið á nýjum rafmögnum bíl frá Kia.



*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila. Nánari upplýsingar askja.is/hledslulausnir

3) Upphæð miðar við 50% fjármögnunarhlutfall til 84 mánaða með 8,75% vöxtum. Heildargreiðsla: 9.514.976 kr. Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,73%
4) Upphæð miðar við 50% fjármögnunarhlutfall til 84 mánaða með 8,75% vöxtum. Heildargreiðsla: 7.751.840 kr. Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,74%



BAKÞANKAR



Jóhanna Vigdísar
Guðmundsdóttir

Að rækta garðinn

Undanfarna mánuði hefur mér tekist, með herkjum, að hemja sveitakonuna í mér og forðast að baka tíu kíló af smákökum í desember. Í febrúar halda henni hins vegar engin bönd. Hún vaknar úr dvala, ekki blíðlega eins og páskalilja, heldur ryðst fram eins og krapaflóð sem engu hlífir. Hún þarf ekki einungis að skipuleggja matjurtaræktun sumarsins (halló Excel!), heldur forsá þeim tegundum sem þurfa hlýju við upphaf æviskeiðsins, skipuleggja skiptiræktun og tryggja gott kartófluútsæði. Sem, eðlilega, fer fram í heimagerðu gróðurhúsi á skrifstofunni.

Nýverið ákvað hún að fara alla leið, sem sagt að loka hringnum og búa til sinn eigin jarðveg. Einhver eiga kannski erfitt með að skilja gleðina sem er falin í því að sjá lífrænt eldhúsrusl breytast í áburð og síðar í jarðveg, sem síðan breytist í grænmeti sumarsins. Trúið mér bara, gleðin er botnlaus.

Í þessu öllu felst þó ekki bara persónulegur ávinningur; grænmeti laust við eitrefni, líkamleg vinna, útivist og andleg næring. Við flytjum inn, í tonnatali, fjölda grænmetistegunda sem er nokkuð auðvelt að rækta í venjulegum garði á Íslandi yfir sumartímann. Innflutningurinn krefst þess að við brennum jarðefnaeldsneyti - en um það bil fjórðungur gróðurhúsalofttegunda verður til við iðnaðarframleiðslu og flutning matvæla.

Væri ekki gáfulegra að hvetja fólk til að nota hluta grasbletta sem eru í kringum flest hús til að rækta matjurtir? Þó það dugi kannski ekki fyrir allt sem við borðum þá komumst við samt furðu langt. Það borgar sig nefnilega að rækta garðinn sinn, fyrir okkur og jörðina. ■



EMIL

í Kattholti

Astrid Lindgren




Barnasýning ársins 2022

Fyrir fólk í leit af
nýjum tækifærum



Skannaðu mig




9líf

Bubbi Morthens
Söngleikur



Prinsessuleikarnir



Mátulegir

Fleiri sýningar á borgarleikhus.is
midasala@borgarleikhus.is | 568 8000



Borgarleikhúsið